

ÁRNI HEIMIR INGÓLFSSON

FIMM „ÜTLENSKER TONAR“ Í RASK 98¹

Í ÁRNASAFNI í Kaupmannahöfn er handrit sem var í eigu danska málfræðingsins Rasmusar Rask á fyrri hluta 19. aldar og ber safnmarkið Rask 98. Það lætur lítið yfir sér, nótnaskriftin er einföld og brotið smátt. Þó er Rask 98 eitt merkasta íslenska söngvasafn sem varðveist hefur frá fyrri tíð. Það hefur að geyma 223 lög, fleiri en flest önnur handrit sinnar tegundar, og mörg þeirra er aðeins að finna í þessari einu heimild. Hefði Rask 98 lent í glatkistunni eins og ótal önnur sönghandrit væri vitneskja okkar um íslenska tónmenningu fyrri alda miklum mun fátæklegri.

Rask 98 er ritað á 17. öld, varla síðar en um 1670 að mati Jóns Helgasonar.² Það er 95 blöð í grallarabroti (10.8 x 16.1 cm) og ber eftirfarandi yfirskrift á titilsíðu: „MELODIA. Nockrer Ütlensker Tonar med jslendskum skálldskap, og marger af þeim nitsamleiger til andlegrar skiemtunar.“ Yfirskriftin á sér ekki hliðstæðu og vísar beint til sérstöðu handritsins. Með slíkri nafngift gefur skrifarinn í skyn að lögin sjálf, melódíurnar, séu í forgrunni en ekki textarnir eins og venja er. Í *Melódíu* eru nær undantekningarlaust aðeins upphafserindi laganna rituð undir nóturnar og því hefur bókin allt annað yfirbragð en hefðbundin sálmakver þar sem fjöldi erinda fylgir hverju lagi. Um uppruna handritsins og skrifara þess er flest á huldu og verður ekki farið nánar í tilgátur þess efnis hér.³

- 1 Rannsóknin sem grein þessi er byggð á var styrkt af Rannsóknasjóði Íslands á árunum 2005–2007 („Rask 98 (Melódía). Íslenskt tónlistarhandrit frá 17. öld“) og af Fulbright stofnuninni haustið 2010. Reynir Axelsson þýddi söngtexta sem fylgja greininni og eru honum færðar bestu þakkir fyrir. Þá er ég einnig þakklátur þeim Jóni Eiríkssyni, bókaverði í Kaupmannahöfn, Kára Bjarnasyni, sem veitti upplýsingar um handrit með sálmi Jóns Þorsteinssonar sem fjallað er um í greininni, og Raymond Dittrich hjá Bischöfliche Zentralbibliothek í Regensburg, sem útvegaði mér myndir af handriti í eigu safnsins.
- 2 Jón Helgason, *Íslensk fornkvæði* 4, Editiones Arnarnæðar: B:13 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1963), xxvi.
- 3 Sjá Jón Helgason, sama rit, xxvi–xxix; Jón Þorkelsson, *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede* (Kaupmannahöfn: Høst, 1888) [hér eftir *ODPI*], 456; Bjarni Þorsteinsson, *Íslensk þjóðlög* (Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906–1910) [hér eftir *ÍÞ*], 207.

Skoðanir voru lengi skiptar um það að hve miklu leyti lögin í *Melódíu* væru „útlenskir tónar“. Sr. Bjarni Þorsteinsson birti nær öll lögin úr *Melódíu* í Þjóðlagasafni sínu, sem gefið var út á árunum 1906–1909, og hélt því fram að megnið af efni handritsins væri innlend lagsmiði:

Á fremstu blaðsíðu handritsins stendur að vísu: *Nokkrir útlenskir tónar með íslenzkum skáldskap*; en ekki legg jeg svo mikla áherzlu á þetta, að mjer detti í hug að ætla, að öll lögin í bókinni sjeu útlend, heldur er það ætlun mín, að mikill hluti laganna sje innlend lög; og þau lög, sem ef til vill hafa getað talizt útlend, þegar handritið var skrifað, eru orðin innlend nú, bæði af því þau hafa dvalið vor á meðal undir 300 ár, eða lengri tíma, og af því þau hafa ekki fundist nú í útlendum bókum; þau verða að minnsta kosti talin innlend, þangað til annað sannast um uppruna þeirra.⁴

Í útgáfu sinni á *Íslenzkum fornkvæðum* mælti Jón Helgason þessu í mót og sagði tilraun sr. Bjarna til að sýna fram á innlendan uppruna laganna vera „uden holdbar begrundelse“.⁵ Að minnsta kosti er ljóst að stór hluti laganna í handritinu er sprottinn af erlendri rót, þótt örðugt geti verið að hafa upp á fyrirmyndum þeirra. Í *Melódíu* standa nær öll lögin við íslenska texta og hvorki er getið um tónskáld né erlent heiti.⁶ Því er fátt að styðjast við nema tónræna eiginleika laganna sjálfra, þótt efni eða bragarháttur kvæðanna geti gefið vísbendingu um hvar skuli leita.

Á síðustu áratugum hafa fræðimenn borið kennsl á allmörg lög úr *Melódíu* í erlendum heimildum og þannig stutt áreiðanleika yfirskriftarinnar í handritinu. Árið 1968 benti Jón Helgason á að þrír sekvensar úr *Melódíu* væru upprunnir úr kaþólskum kirkjusöng, og ári síðar rakti Róbert A. Ottósson tvísönginn *Heyr þú oss himnum á* til Sanctus-lags frá meginlandi Evrópu.⁷ Fyrir nokkrum árum rakti höfundur þessarar greinar annað tví-söngslag sem meðal annars stendur í *Melódíu*, *Ó Jesú sjálfs Guðs son*, til

4 ÍP, 206–207.

5 Jón Helgason, *Íslenzk fornkvæði* 4, xxvi.

6 Í Rask 98 eru 210 lög við íslenska texta. Ellefu lög eru á latínu, eitt á dönsku og eitt án texta.

7 Erik Eggen, *The Sequences of the Archbishopric of Nidarós*, Bibliotheca Arnarnagæana 21–22 (Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1968), liv; Róbert Abraham Ottósson, „Ein fógur Saung Vijsa...“, *Afmælisrit Jóns Helgasonar, 30. júní 1969*, ritstj. Jakob Benediktsson et al. (Reykjavík: Heimskringla, 1969), 251–259.

spænsks pílagramasöngs frá 14. öld, *Laudemus virginem*.⁸ Hér verður gerð grein fyrir erlendum uppruna fimm laga til viðbótar: *Súsanna, sannan Guðs dóm*, *Úr djúpum mjög*, *Patientia er sögð urt*, *Vera mátt góður* og *Vígð náttin*.

1. Franskt Súsönnukvæði frá 16. öld

Fyrri hluti 16. aldar var tími gagnerra breytinga hvað varðaði prentun og dreifingu tónlistar. Framfarir í nótnaprenti gerðu það að verkum að ódýrar prentaðar söngbækur dreifðust um álfuna hraðar en áður. Nýr markaður fyrir slík rit hafði áhrif á listsköpunina sjálfa; nú kepptust tónskáld við að semja smærri tónverk af veraldlegum toga sem auðvelt væri að syngja í góðra vina hópi. Þannig var lagður grunnur að smáformum sem nutu vinsælda víða um álfuna þótt með ólíku sniði væru – madrígali á Ítalíu og Englandi, *chanson* í Frakklandi og *Tenorlied* í Þýskalandi.

Dæmigerður franskur *chanson* er saminn fyrir fjórar raddir og tónlistin er hómófónísk, auðsungin og lítt til vandræða minna menntuðum söngvurum. Þótt gróskan hafi verið mest á sviði veraldlegrar tónlistar, ekki síst að frumkvæði forleggjarans Pierre Attaingnant í París, létu kirkjunnar menn ekki sitt eftir liggja. Frönsk kirkjuyfirvöld hvöttu tónskáld til þess að semja sambærileg lög við andlega texta í von um að alþýðan legði til hliðar veraldlegu söngheftin sem tröllriðu markaðnum og tæki í staðinn upp háleitara efni.⁹

Fyrstu trúarlegu söngvarnir af þessum toga, *chansons spirituelles*, birtust í söngheftum um 1540. Textarnir voru oftast byggðir á *Davíðssálmum* og í prentuðum bókum stóðu andlegu söngvarnir í bland við veraldleg lög. Árið 1548 gáfu bræðurnir Godefroy og Marcelin Beringen út bók sem markaði tímamót þar sem hún hafði einungis að geyma lög við trúarlega franska texta sem aukinheldur voru frumortir en ekki saltarapýðingar: *Premier livre de chansons spirituelles, nouvellement composées par Guillaume Gueroult, & mises en musique par Didier Lupi Second*. Útgáfan var ætluð til heimabruks, til að hvetja franska mótmælendur til góðra verka og til að hugleiða orð Drottins.

8 Árni Heimir Ingólfsson, „Íslenskt tvisöngslag og Mariúsöngur frá Montserrat,“ *Gripla* 15 (2004): 195–208.

9 Marc Honegger, „Les chansons spirituelles de Didier Lupi et les débuts de la musique protestante en France au XVIe siècle,“ 1 (Doktorsritgerð, Faculté des Lettres et Sciences Humaines de Paris, 1970, útg. 1971), 29; Frank Dobbins, *Music in Renaissance Lyons*, Oxford Monographs on Music (Oxford: Clarendon Press, 1992), 45–46.

sem þessi og skipti engu hvar þau stóðu í trúardeilum samtímans: mótmælendur og kaþólikkar, Lúthersmenn og Kalvínistar, allir vildu *Súsönnu* kveðið hafa. Um 40 tónsetningar á kvæði Guéroults eru varðveittar eftir 30 tónskáld, og flest nota þau tenórrödd Lupis sem útgangspunkt.¹² Íðulega ná tónsmíðaafrekin langt út fyrir það sem látlaus tónsetning Lupis virðist gefa tilefni til. Orlando di Lasso setti lagið út fyrir fimm raddir árið 1560 og samdi að auki um það messu; Claude le Jeune gerði sjö radda útgáfu þar sem tenórinn hljómar bæði í upprunalegri gerð og í spegilkanón þar sem öllum tónbilum lagsins er snúið á hvolf. William Byrd var einn fárra sem ekki fékk lagið að láni heldur samdi upp á eigin spýtur tvö tónverk við enska þýðingu textans, *Susanna fair*. Kenneth Levy telur að raddsetning Lupis, sem var prentuð að minnsta kosti fimm sinnum frá 1548 til 1571, hafi verið kunn hverju einasta atvinnutónskáldi þess tíma í Frakklandi og Hollandi. Það er hins vegar ekki fyrir en um miðja 17. öld, eftir ríflega hundrað ára sigurgöngu, að fenna tekur í spor *Súsönnu* og söngvar hennar hverfa úr handritum og prentuðum bókum.

Kvæði Guéroults er svonefnt *dixain* eða tíu vísuorð. Efnið er sótt í apokryfa frásögn biblíunnar af hinni forkunnarfögru Súsönnu og tveimur dómurum sem ranglega bera hana sökum um hjúskaparbrot. Frásögnin stendur í grískri gerð *Danielsbókar* og er talin rituð á 3. eða 2. öld f. Kr., en kvæðið er þannig:¹³

Susanne un jour d'Amour sollicitée,
Par deux vieillards convoitans sa beauté,
Fut en son cueur triste et desconfortée
Voyant l'effort fait à sa chasteté.
De ce corps mien vous avez jouissance
Elle leur dit: Si par desloyaulté
C'est fait de moy; si je fay resistance
Vous me ferez mourir en deshonneur.
Mais j'aime mieux périr en innocence,
Que d'offenser par péche le Seigneur.

Er Súsanna var dag nokkurn dekstruð til ásta af tveimur öldungum sem girntust fegurð hennar, varð hún döpur og miður sín í hjarta af að sjá þessa atlögu að skírlífi sínu. Hún sagði við þá: Ef þið með svikráðum náðið að njóta þessa líkama míns, þá er úti um mig; ef ég veiti mótspyrnu, þá látið þig mig deyja í vansæmd. En ég kys heldur að farast saklaus en að misbjóða Drottnei með synd.

12 Um lagið og viðtökur þess sjá Kenneth Jay Levy, „Susanne un jour’: The History of a 16th Century Chanson,” *Annales musicologiques* 1 (1953): 375–408; sjá einnig Honegger, „Les chansons spirituelles de Didier Lupi,” 1, 100–101.


13 *Apokryfar bakur gamla testamentisins*, þýð. Árni Bergur Sigurbjörnsson et al. (Reykjavík: Hið íslenska Bibliúfélag, 1994), 337, 345–349.


Í Rask 98 hljóðar textinn svo:¹⁴


Susanna sannann Guds döm reinder þu þa
 er hann i neyðinne þier stöd i hia
 og sende ut sinn trulinda þion Daniel
 sakleisi þitt so ad hann birti vel
 þa suikafuller tueir slæg þier umsat veittu
 báder grioti bordust þeir brátt so i daudann setter
 þui so vill Gud varðveita
 þa sem af øllu hiarta hans leita.
 Susanna sannlega var þier það frijtt
 þa Gud forsuarade meinleised þitt.


Íslenska kvæðið er augljóslega ekki bein þýðing á því franska, og ekki er það heldur skylt öðrum þýðingum á kvæði Guéroults frá 16. öld.¹⁵ Rímið er einfaldara, tvær og tvær línur, en óreglulegra rím frumtextans skapar skemmtilega togstreitu við reglulega hendingaskipan tónlistarinnar. Að einu leyti má þó segja að íslenski textinn falli betur að tónlistinni en frumgerðin. Þegar upphafstónar lagsins hljóma aftur í næstíðustu hend-

- 14 Rask 98 (nr. 201), 73v–74r. Önnur kvæði um Súsönnu eru til á íslensku frá svipuðum tíma en þau eiga ekkert skylt við franska lagið. Í AM 713 4to (141–146) eru Súsönnuvísur sem einnig ganga undir nafninu *Síðbót* („Bragarins vín skal bjóða“, sjá ODPI, 97 og ÍP, 545). Kvæðið er undir algengum bragarhætti sem lög hafa varðveist við, til dæmis það sem oft er sungið við kvæðið *Fagurt er í fjörðum*. Í *Vísnaþók Guðbrands Þorlákssonar* 1612 er Súsönnukvæði eftir Einar Sigurðsson í Eyðölum, „Himna smíð eg hæstan bið að hjálpa mér“; sjá *Vísnaþók Guðbrands*, útg. Jón Torfason og Kristján Eiríksson (Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000), 137–140. Þetta Súsönnukvæði er lagboði við sálm sr. Hallgríms Péturssonar, „Þá Ísraels lýður einkar fríður“ (ÍP, 613–14). Einnig bárust til landsins verk af öðrum toga um Súsönnu, til dæmis leikrit í bundnu máli eftir Peder Jenssøn Hegelund sem ber heitið *Susanna. Comicotragoedia, en merckelig Leeg udtagen aff Bibelen udaff Daniels Histori, om den ærlig Quindes Susanna Kyskhed oc underlig Befrielse, allehaande Stater oc besynderlig ærlige Quindfolck, lystig oc nyttig at læse, udgiord i Danske Rhim* (Kaupmannahöfn: Matz Winggaard, 1578). Á saurblaði eintaks sem nú er í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn (M 33660 4to) má lesa að Vigfús Hákonarson gaf bókina sr. Jóni Þorsteinssyni í Vestmannaeyjum árið 1615 og hefur hún síðar verið í eigu sonar hans, Jóns yngra.
- 15 Vitað er um sex aðrar þýðingar á kvæði Guéroults, á flæmsku (*Susanna haer bayande in een fontayne; Als onverhoetz Susannen overginghen; Susann' een reys verzocht tot wulpsche minne*), þýsku (*Susannen frumb wotten ir ehr verletzten*) og ensku (*Susanna fair sometime of love requested; Susanna fair sometime assaulted was*), sjá Levy, „Susanne un jour‘: The History of a 16th Century Chanson,“ 378. Ekki fæst séð að íslenski textinn styðjist fremur við þessar þýðingar en frumgerðina.

a) 

b) 





Nótadæmi 1: (a) Didier Lupi, *Susanne un jour* (tenórredd), upphaf; (b) *Súsanna, sannan Guðs dóm* úr Rask 98, upphaf.

ingu er endurtekningin undirstrikuð með því að láta nafn söguhetjunnar hljóma rétt eins og í upphafi. Þá er klifunin í fyrsta og næstsíðasta vísuorði (Súsanna/sannan/sannlega) snjallt stílbragð og minnir á að nafnið hefur einnig sína merkingu á íslensku. Hún er í raun rétttri „sú sanna“, hefur sannleikann að leiðarljósi og nýtur því náðar Guðs.

Í Rask 98 stendur tenórhendingin úr *Susanne un jour* að mestu eins og í frumgerð Lupis. Tónhæð og tóntegund eru sú sama og lækkunarmerki ritað við upphaf hvers nótnastrengs. Helsta breytingin í íslensku gerðinni er sú að endir fyrstu, þriðju og næstsíðustu hendingar, sem allar eru samhljóða hvað tónefnið snertir, liggur neðar en frumgerðin og endar á G; hjá Lupi er samsvarandi kafli nóteraður þríund hærra og endar á B. Rytmi er ekki nóteraður í *Melódíu* og á það jafnt við um þetta lag sem önnur.

Súsanna, sannan Guðs dóm er einnig varðveitt í JS 138 8vo (74–75), sálmasafni frá fyrri hluta 18. aldar. Það er náskýlt Rask 98; af 14 lögum með nótum eru 13 einnig í *Melódíu* og 11 þeirra aðeins í þessum tveimur handritum.¹⁶ Þó er yngra handritið ekki beint afrit hins eldra. Skrifari JS

16 Tvö laganna standa við annan texta í JS 138 8vo: *Hörð virðist hryggðar þína* (nr. 144 í Rask 98, 45v–46r) stendur í JS 138 8vo við kvæði sr. Jóns Þorsteinssonar *Að iðka gott til æru* (65–66), og *Banvænn til dauða borinn er* (nr. 214 í Rask 98, 82v–83r) stendur í JS 138 8vo við sálm-inn *Vöknum í drottni sál mín senn* (75–76). Lögin *Kær er mér sú hin mæta frú* og *Banvænn til dauða borinn er* finnast í fleiri heimildum, en lagið *Mitt hjarta lystir að ljóða er unicum* í JS 138 8vo.

138 8vo gefur kveðskap meiri gaum og lætur fjölda erinda fylgja sama lagi þegar svo býðst. Sú er ekki raunin í tilfelli *Súsönnu* og bendir það til þess að erindið hafi ávallt staðið stakt.

2. Hofhaimer, Senfl og þýsk sönglög á Íslandi

Tvö lög í *Melódiu* eiga rætur að rekja til þýskrar sönghefðar á fyrri hluta 16. aldar. Bæði tengjast þau tónskáldum við hirð Maximilians I. keisara í Vínarborg, valdamesta manns sinnar tíðar í Evrópu sem þó er fremur minnst fyrir stuðning sinn við listir en pólitíska sigra. Undir hans stjórn náði tónlist við hirð Habsborgara nýjum hæðum enda störfuðu í kapellu hirðarinnar merk tónskáld á borð við Antoine Busnoys og Pierre de la Rue. Mest afskipti hafði keisarinn af tónlistarmönnum sem störfuðu við hirð hans í Vínarborg og síðar Innsbruck; hann hafði á sínum snærum flytjendur á málm- og tréblásturshljóðfæri, lútu- og gömbuleikara, organista og 20 manna kór.¹⁷ Hirðtónskáld hans var Heinrich Isaac sem naut mikillar hylli fyrir sönglög sín, m.a. *Innsbruck, ich muss dich lassen* sem enn er á efnisskrám kóra um víða veröld. Þegar Maximilian féll frá árið 1519 var Karl V., sonarsonur hans, kosinn til keisara. Hann lagði niður kapelluna í Innsbruck enda hafði hann alla þá tónlistarmenn sem hann þurfti við konungshirð sína á Spáni, og urðu þá margir helstu músikantar álfunnar að finna sér önnur störf.

Um aldamótin 1500 skáru þýskir tónsmiðir sig nokkuð úr hvað varðaði áherslur í listsköpun. Ólíkt starfsbræðrum sínum á Niðurlöndum og Ítalíu fengust þeir lítt við að semja kirkjutónlist við latneska texta, mótettur og messur, en gáfu sönglagagerð við þýsk kvæði þeim mun meiri gaum. Helst fengust þeir við að semja það sem nú er nefnt *Tenorlied*, veraldlega söngva fyrir fjórar eða fimm raddir þar sem tenór er veigamestur eins og nafngiftin gefur til kynna.¹⁸ Lögin spruttu úr eldri hefð ástarskaldanna,

17 Martin Picker, „Habsburg,“ NG2 10, 638.

18 Hugtakið *Tenorlied*, sem nú er almennt haft um þessa tegund söngva, var fyrst notað árið 1931 í riti Heinrichs Besseler, *Die Musik des Mittelalters und der Renaissance*. Á tíma tónskáldanna sjálfra voru lögin ýmist kölluð *Lieder* eða *Liedlein*; sjá Rolf Caspari, *Liedtradition im Stilwandel um 1600: Das Nachleben des deutschen Tenorliedes in den gedruckten Liedersammlungen von Le Maistre (1566) bis Schein (1626)*, Schriften zur Musik 13 (München: Musikverlag Emil Katzschler, 1971), 10.

Minnesang, sem sett hafði svip á þýskt sönglíf um aldir.¹⁹ Tenórröddin var ýmist frumsamin eða byggð á lögum sem nutu hylli við hirðina hverju sinni (*Hoflied*), eða þá á alþýðusöngvum af ýmsum toga. Lögin voru upphaflega ætluð atvinnusöngvurum við hirðir Þýskalands en rötuðu einnig fljótt til áhugafólks af borgarastétt. Flutningur þeirra var með ýmsu móti: hægt var að syngja allar raddir eða leika þær allar á hljóðfæri, en einnig mátti blanda saman söng og hljóðfæraspili eftir því sem aðstæður buðu í hvert sinn. Þótt tenórsöngvar væru fremur gamaldags hvað stíllinn snerti nutu þeir hylli í rúma öld, allt þar til á síðari hluta 16. aldar þegar þýskir tónsmiðir tóku að laga sig eftir ítölskum madrígalameisturum.²⁰

Meðal þeirra sem störfuðu fyrir Maximilian keisara var Paul Hofhaimer, einn dádasti tónlistarmaður Austurríkis á sinni tíð. Hann var fæddur 1459 í Radstadt suðaustur af Salzburg og vakti þegar á unglingsárum eftirtekt fyrir orgelleik sinn. Árið 1478 var hann ráðinn organisti við hirð Sigmundar erkihertoga af Týról, og þegar Maximilian tók við völdum þar tólf árum síðar hélt hann Hofhaimer í þjónustu sinni.²¹ Hann ferðaðist með keisaranum vítt og breitt um álfuna og lék á orgel jafnt við hversdagsleg tækifæri sem stórviðburði í hirðlífinu, til dæmis þegar Lúðvík prins af Ungverjalandi gekk að eiga Mariú Austurríkisprinsessu í Stefánskirkjunni í Vínarborg sumarið 1515. Sem þakklætisvott fyrir flutninginn þann dag sló keisarinn Hofhaimer til riddara.²² Að Maximilian gengnum varð hann organisti við dómkirkjuna í Salzburg og þjónaði erkibiskupi borgarinnar til dauðadags árið 1537.

Samtímamenn Hofhaimers eru einróma í hástemmdum vitnisburði sínum um hæfileika hans. Tveir helstu húmanistar og fræðimenn þess tíma lofsungu hann í ræðu og riti. Johannes Cuspinian, hirðskáld Maximilians og rektor Vínarháskóla, kallaði Hofhaimer „höfuðtónskáld“ (*musicorum princeps*) og Ottmar Luscinius dáðist að hæfileikum hans til að spinna fjölbreytilegustu stef af fingrum fram: „Hann er svo óendanlega marghæfur

19 Martin Staehelin, „The German Tenor Lied: Drafting the History of a Genre,“ *Music in the German Renaissance. Sources, Styles, and Contexts*, ritstj. John Kmetz (Cambridge: Cambridge University Press, 1994), 177.

20 Ludwig Finscher, „Lied and Madrigal, 1580–1600,“ *Music in the German Renaissance. Sources, Styles, and Contexts*, 182–183.

21 Louise Elvira Cuyler, *The Emperor Maximilian I and Music* (London: Oxford University Press, 1973), 49.

22 Sama rit, 95–96.

að það má hlusta á hann leika [á orgelið] árum saman og undrast þó síður hvaðan sjórin fær allt sitt vatn en hvaðan hann aflar sér allra þessara laga sinna.²³

Hofhaimer var ekki afkastamikið söngvaskáld ef marka má fjölda þeirra tónsmíða sem varðveist hafa; líklega hefur orgelið oftast átt athygli hans og hefur hann þá iðulega leikið af fingrum fram. Eitt af 22 varðveittum sönglögum Hofhaimers er samið við textann *Meins Traurens ist* og stendur það í sex samtímaheimildum, þar af fjórum prentuðum söngbókum: 36 söngvum útgefnum af Peter Schöffler í Mainz um 1517, *Gassenhawerlin* og *Gassenhauer und Reutterliedlin* útgefnum af Christian Egenolff í Frankfurt við Main 1535, og síðast en ekki síst víðfrægri söngbók Georgs Forster *Ein Auszug guter alter und neuer teutscher Liedlein, einer rechten teutschen Art*, sem inniheldur 130 fjórradda þýsk sönglög og gefin var út í Nürnberg 1539. *Meins Traurens ist* er að auki varðveitt í tveimur miðevrópskum handritum: tenórhefti frá Basel rituðu um miðja 16. öld og fjórum raddheftum með veraldlegum söngvum rituðum um 1570, varðveittum í Münster-Bibliothek í Ulm.²⁴ Þýski textinn er þrjú erindi og hljóðar hið fyrsta svo:²⁵

Meins traurens ist	Orsök hryggðar minnar
ursach mir gbrist	er minn eiginn löstur,
dz ich niemants darff klagen.	um hann get ég engan ásakað.
Dann dir allein	Þá verð ég fyrir þig eina,
mein clarer schein	mín tæra birta,
pein muß ich deint halb tragen.	að bera kvöl mína þín vegna.
Ich wolt glaub mir	Ég vildi, trúðu mér,
schir ee den tod erkiesen	miklu fremur kjósa dauðann
dann dich also verliesen.	en að glata þér þannig.

Lagið hefur yfir sér tregafullan blæ og er í eftirlætisformi þýskra tónskálda um þetta leyti, almennt kallað *Barform*: AAB eða *Stollen-Stollen-Abgesang*.

23 Hans Joachim Moser, *Paul Hofhaimer. Ein Lied- und Orgelmeister des deutschen Humanismus* (Hildesheim: Georg Olms Verlagsbuchhandlung, 1966), 30; sjá einnig Manfred Schuler, „Paul Hofhaimer,“ *NG2* 11, 601. Frumtextinn hljóðar svo: „Varietas illi tam immensa, ut si hunc aliquot annis quispiam audiat canentem, non tam miretur, unde tot amnes euomat oceanus, quam unde ille depromat modos“ (Othmar Luscinius, *Musurgia seu praxis musicae*, Strassborg, 1536, 16).

24 Paul Hofhaimer, *Ausgabe sämtlicher Werke* 1, útg. Andrea Lindmayr-Brandl, Denkmäler der Musik in Salzburg 15 (Salzburg: Selke Verlag, 2004), 89–90.

25 Lagið er prentað í Hofhaimer, *Ausgabe sämtlicher Werke* 1, 34–35.

Íslensk gerð textans í *Melódíu* er sambærileg að formi en yrkisefnið er af öðrum toga, harmþrungið ákall til Drottins:²⁶

Ur diupum miög
drottenn a þig
dapur af hiarta nu kalla
herra Gud traust
heir mijna raust
hugar og andvarpan alla
eiru þijn nu
adgiætin láttu sinna
öpi ad bæna minna.

Hér er lagt út af upphafsorðum 130. *Davíðssálms*:

Úr djúpinu ákalla ég þig, Drottinn,
Drottinn, heyr þú raust mína,
lát eyru þín hlusta á grátbeiðni mína.

Íslenski textinn hefur hvergi varðveist nema í *Melódíu* og aðeins þetta erindi. Sé miðað við lengd sálmsins sem lagt er út af er ekki ólíklegt að fleiri hafi fylgt en séu nú glötuð.²⁷ Helsti munur á tenór Hofhaimers og laginu í *Melódíu* er að hið síðarnefnda liggur tóni neðar og er í annarri tóntegund, dóriskri í stað frýgískrar. Smávægilegar breytingar eru einnig í flestum hendingum og gætu þær bent til þess að lagið hafi lifað hér að einhverju leyti í munnlegri geymd eða verið sungið eftir upprunalegu nótnamyndinni með frjálsegum hætti, og skrifari *Melódíu* reynt að fanga slíkan söng á blað. Íslensk þýðing á útlekkingu Lúthers af sama sálmi, *Af djúpri hryggð ákalla eg þig*, hlaut mun meiri útbreiðslu hérlandis enda var hún prentuð með nótum í *Sálmabókinni* 1619 og öllum gröllurum.²⁸

26 Rask 98, 61v–62r (nr. 184).

27 Fleiri útlekkingar á *Davíðssálmum* standa í *Melódíu* sem ekki hafa fundist í öðrum handritum og er allt óvíst um uppruna þeirra: *Sem hjörtur með ákefð æðir* (nr. 27, 42. *Davíðssálmur*), *Afhættu hryggðar djúpi* (nr. 64, 130. *Davíðssálmur*), *Hvað elskulegar eru ætíð* (nr. 151, 84. *Davíðssálmur*) og *Þá Ísrael út af Egyptalandi fór* (nr. 183, 114. *Davíðssálmur*).

28 Páll Eggert Ólason, *Upptök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi* (Reykjavík: Háskóli Íslands, 1924), 141.

a) Meins trau - rens ist ur - sach mir

b) Úr djúp - um mjög, drott - inn á

gbrist, dass ich nie - mants darff kla - gen.

þig dap - ur af hjart - a nú kall - a.

Nótnadæmi 2: (a) Paul Hofhaimer, *Meins Traurens ist* (tenórrödd), upphaf; (b) *Úr djúpum mjög*, úr Rask 98, upphaf.

Annað lag eftir tónskáld í þjónustu Maximilians rak einnig hér á land. Ludwig Senfl var kynslóðinni yngri en Hofhaimer og á ýmsan hátt arftaki hans. Hann fæddist um 1490 og ólst upp við hirðkapellu Maximilians í Vínarborg, hóf feril sinn sem kórdrengur á barnsaldri og söng altrödd þar til keisarinn féll frá árið 1519. Hann nam tónsmíðar hjá Heinrich Isaac og talið er að hann eigi jafnvel þátt í meistaraverki kennara síns, *Choralis Constantinus*, sem samanstendur af tæplega 400 mótettum fyrir alla helgidaga kirkjuársins.²⁹ Þegar Isaac dró sig í hlé árið 1515 tók Senfl við starfi hans, en eftir fráfall keisarans var Senfl án fastrar atvinnu um fjögurra ára skeið. Hann fékk að lokum stöðu við hirð Vilhálms IV., hertoga af Bæjaralandi, og dvaldi við hirð hans í München til æviloka 1543. Senfl var mikils metinn á sinni tíð og var þá um hann ritað að hann væri „fremstur samtíðarmanna í tónlist í gjörvöllu Þýskalandi“ (*in Musica totius Germania nunc princeps*).³⁰

Senfl var mun afkastameira tónskáld en Hofhaimer. Hann samdi sjö messur, um 240 mótettur og meira en 250 sönglög, og lagði sérstaka rækt við þann geira tónlistarinnar. Með Senfl náði hið þýska *Tenorlied* nýjum

29 Cuyler, *The Emperor Maximilian I and Music*, 74.

30 Sebald Heyden í *De arte canendi ac vero signorum in cantibus vsu* (Nürnberg, 1540); tilv. í Wilhelm Seidel, *Die Lieder Ludwig Senfls*, Neue Heidelberger Studien zur Musikwissenschaft 2 (Bern: Francke Verlag, 1969), 5.

hæðum; af niðurlenskum starfsbræðrum sínum lærði hann hvernig gera mátti hreyfingu raddanna fjölbreyttari og sjálfstæðari en áður hafði verið. Þó á hann sameiginlegt með eldri tónskáldum að nota tenór sem uppistöðu í verkum sínum; kynslóð síðar varð Orlando di Lasso einna fyrstur til að leysa lög sín úr viðjum *cantus firmus*-tækninnar og gefa öllum röddum jafnt vægi, og átti sú þróun sér stað undir áhrifum veraldlegra söngva sem bárust frá Ítalíu.³¹

Meðal laganna í fyrsta hluta Rask 98 er *Patientia er sögð urt*, sem er tenór úr lagi eftir Ludwig Senfl. *Pacientia muß ich han* er til í tveimur ólíkum gerðum frá hendi Senfls, önnur er fjórradda en hin í fimm röddum og nokkuð flóknari hvað varðar kontrapunkt og sjálfstæða hreyfingu radda. Hin fyrri var prentuð í söngbókum Johanns Ott, *Hundert vnd ainundzweintzig neue Lieder* (Nürnberg, 1534), og Georgs Forster, *Ein Auszug guter alter und neuer teutscher Liedlein* (Nürnberg, 1539), auk þess sem hún er varðveitt í sex handritum.³² Hin síðari fór ekki eins víða, finnst aðeins prentuð í safni Otts og í einu handriti að auki. Þar sem ofangetið lag Hofhaimers er í söngbók Forsters en ekki í riti Otts verður að teljast líklegra að fyrri gerðin hafi borist til Íslands, enda er yfirbragð hennar meira í ætt við önnur þau fjórradda lög sem vitað er um hér.

Þýski textinn er eins konar heimsósómakvæði í þremur erindum, þar sem ljóðmælandinn biður um þolinmæði til þess að takast á við þrautir lífsins. Fyrsta erindið hljóðar svo:³³

Pacientia muß ich han	Þolinmæði verð ég að hafa,
wol kan	ég gæti það vel,
mochts anderst sein	væru hlutirnir öðruvísi;
wer auch wol mein	væri það orðið mitt
sins gmüts beger	sem hugur minn þráir,
wil jetz nit her	en svo vill ekki verða.
vnfal auff mir	Ólukkan hvílir á mér
ligt nach der schwer.	ennþá svo þung.
O pacientia, O pacientia.	O patientia, o patientia.

31 Caspari, *Liedtradition im Stilwandel*, 11.

32 Sjá Ludwig Senfl, *Deutsche Lieder, Zweiter Teil*, útg. Arnold Geering, Das Erbe deutscher Musik 15 (Wolfenbüttel/Berlín: Georg Kallmeyer Verlag, 1940), 152. Hér er farið eftir frumútgáfunni 1539.

33 Lagið er prentað í Senfl, *Deutsche Lieder, Zweiter Teil*, 98–99.

Í lokaerindinu gefst skáldið upp á biðinni og skipar þolinmæðinni að hafa sig á brott: „far wo du wilt / der dienst ist auß.“

Íslenski textinn er ekki þýðing heldur frjáls útlekking út af meginefninu. Þá er rímið með öðrum hætti en í frumgerðinni. Auk viðlagsins í lokahendingunni er þýski textinn átta vísuorð sem ríma í þörum, að undanskildu því sjöunda sem stendur stakt. Íslenski textinn fylgir hendingaskipan lagsins en er ekki jafnrímaður, og skyldi fremur líta á hann sem fjögur vísuorð og viðlag:³⁴

Patientia er sögd urt
allmæt sem eg hef i sannleik spurt
grær þo ei huors grasgarde i
griot og þirnar mest vallda því
o patientia, o patientia.


Lítið fer fyrir ógæfu og kvöl í íslensku gerðinni og er þolinmæði lýst sem guðlegri dyggð: „Patientia Rotenn riett / raunar er uppaa Drottens forsiaa sett“ (2. erindi); „O Ande Guds oss hana veit / so ódlunst vier þijn fyrerheit“ (5. erindi). Í lokaerindinu biður ljóðmælandinn Krist um að senda sér þolinmæðina og undirstrikar þannig að hún sé guðsgjöf:³⁵


Patientia Sigursæl
sögd er því Ógun Drottens umber vel
hugur mier því æ henne er
Herra Jesu send hana mier
O Patientia, O Patientia.

Íslenska laggerðin er ekki samhljóða tenórródd Senfls heldur er nokkuð frjálsglega farið með efniviðinn. Helsti munurinn er sá að íslenska lagið er tónflutt og liggur neðar en frumgerðin, en misneðarlega eftir hendingum. Upphafið liggur fimmund neðar en hjá Senfl, önnur hending hefst

34 Rask 98 (nr. 68 [67 í handriti]), 2or. Fyrsta erindi íslenska kvæðisins stendur hér með nótonum. Lagið er einnig nóterað í JS 138 8vo (57–58) og þar standa sex erindi; þau eru sömuleiðis án nótna í JS 643 4to (67r–v). Söngvar um krydd þolinmæðinnar voru sungnir víða, og ekki einungis við lag Senfls. Í Hollandi var kvæðið „Patency“ is soo goeden cruyt / het staet nu in saysoene“ sungið á 17. öld, sjá *Het oude nederlandsche lied* 1–3. *Wereldlijke en geestelijke liederen uit vroegeren tijd. Teksten en melodieën*, útg. Florimond van Duyse (’s-Gravenhage, 1903–1908), 2, 935; 3, 2636–2638.

35 JS 138 8vo, 58.

a) 

b) 

Nótadæmi 3: (a) Ludwig Senfl, *Pacientia muß ich han* (tenórrödd), upphaf; (b) *Pacientia er sögð urt* úr Rask 98, upphaf.

fimmund neðar en endar á sama tóni og frumgerðin; þriðja hendingin er ýmist þriund eða tvíund neðar, og þannig mætti áfram telja.³⁶ Frelsið í meðförum lagsins bendir til þess að það hafi lifað hér í einhvern tíma áður en útgáfan í Rask 98 var færð á blað. Íslenska gerðin stendur bæði í Rask 98 og JS 138 8vo, sem er ritað um miðja 18. öld eins og áður er getið. Því hefur lag Senfls verið á vörum íslenskra söngvara ríflega tveimur öldum eftir að það birtist á prenti sunnar í álfunni, rétt eins og *Súsanna, sannan Guðs dóm*.

Aðeins ein prentuð heimild inniheldur bæði þau lög Hofhaimers og Senfls sem hér hafa verið nefnd og rötuðu til Íslands: fyrsta hefti söngbókar Georgs Forster frá 1539.³⁷ Forster var auk útgáfustarfa bæði læknir og tónskáld, hafði numið við háskólann í Wittenberg og var vel kunnur

36 Þá má nefna að erfiðlega gengur að fella sum erindi íslenska textans að upprunalegri gerð Senfls. Í frumgerðinni eru þagnir í miðjum hendingum, en þær falla að textanum þannig að orðin ganga ekki yfir þagnirnar: „sins gmüts beger / wil jetz nit her“ í fyrsta erindinu, o.s.frv. Í öðru erindi íslenska textans yrði útkoman „allir menn skyl- / du akta það“, sem hljómar fremur ankannalega. Því virðist sem þagnirnar í tóktum 8 og 16 í lagi Senfls hafi ekki fylgt íslensku laggerðinni.

37 Bæði lögin eru einnig varðveitt í handriti í Münster-Bibliothek í Ulm, sem er safn fjögurra raddhefta frá um 1570 og geymir 142 söngva og dansa við þýska, franska, ítalska og latneska texta. Stór hluti laganna er fenginn úr bók Forsters og því er ekki um óháða frumheimild að ræða. Sjá Alfred Wendel, *Eine studentische Musiksammlung der Reformationszeit. Die Handschrift Misc. 236 a-d der Schermer-Bibliothek in Ulm*, Sammlung musikwissenschaftlicher Abhandlungen 85 (Baden-Baden: Verlag Valentin Koerner, 1993).

Lúther; talið er að sá síðarnefndi hafi jafnvel átt einhvern þátt í að velja lögin sem tekin voru upp í nótnaprentið.³⁸ Útgáfa hans á fimm söngheftum, *Frische teutsche Liedlein* (Nürnberg, 1539–56), var sú víðamesta sinnar tegundar á 16. öld; bækurnar geyma alls 382 söngva eftir helstu tónskáld Þýskalands. Forster var meðal fyrstu forleggjara til að prenta texta við allar raddir og auðvelda þannig flutning með röddum eingöngu, en ekki með samsafni söngvara og hljóðfæra eins og áður hafði tíðkast.³⁹ Með útgáfum hans jókst útbreiðsla veraldlegra sönglaga við þýska texta til mikilla muna enda voru undirtektirnar afbragðsgóðar. Fyrsta heftið – það sem inniheldur *Meins Traurens ist* og *Pacientia muß ich han* – náði þó mestum vinsældum og var prentað fimm sinnum á 22 árum, frá 1539 til 1561.

3. *Vera mátt góður*: Napólísöngur frá 16. öld

Eitt þeirra laga *Melódíu* sem ekki hefur fundist í öðrum íslenskum handritum er *Vera mátt góður* (nr. 138). Það er harla óvenjulegt og einkum fyrir tvær sakir: það er nóterað í F-lykli – hið fyrra af tveimur í *Melódíu* sem liggja á svo lágu tónsviði – og laglínan er einkar stórstíg, fer mest í ferundum og fimmundum. Bjarni Þorsteinsson gat þessarar sérstöðu í þjóðlagasafni sínu þar sem lagið var prentað í fyrsta sinn:

Eptir karakter lagsins lítur helzt út fyrir að það sje nokkurs konar Bas-solo, og er það að byggingu ólíkt öllum hinum lögnum í bókinni nema ef vera skyldi nr. 149, *Guð himna gæðum*, og annars flestum gömlum lögum.⁴⁰

Þrátt fyrir þetta hefur lagið náð allnokkrum vinsældum. Engel Lund tók það upp í þjóðlagasafn sitt, sem Ferdinand Rauter útsetti, og síðar hefur

38 Rebecca Wagner Oettinger, „Georg Forster,“ *Die Musik in Geschichte und Gegenwart. Allgemeine Encyclopädie der Musik*, Personenteil 6, ritsj. Ludwig Finscher, 2. útg. (Kassel: Bärenreiter-Verlag, 1994–2007), 1501–1505; Robin Leaver, *Luther's Liturgical Music. Principles and Implications*, Lutheran Quarterly Books (Grand Rapids: William B. Eerdmans Publishing, 2007), 48. Safnið var endurútgefið í heild í ritröðinni *Das Erbe deutscher Musik*, 20. og 60.–63. bindi.

39 Stephen Keyl, „Tenorlied, Discantlied, Polyphonic Lied: Voices and Instruments in German Secular Polyphony of the Renaissance,“ *Early Music* 20 (1992): 436.

40 *ÍP*, 281. Sr. Bjarni tónflytur lagið upp um heiltón og setur í þrískiptan takt, án þess að geta þess sérstaklega.

það verið sungið og leikið á ýmsa lund, meðal annars af *Pursaflokknum* á hljómplötu sem kom út 1978. Auk þess hafa Jón Ásgeirsson og Ríkarður Örn Pálsson notað lagið bæði í einfaldar útsetningar og viðameiri tónsmíðar.⁴¹

Þar sem hitt „bassalag“ *Melódíu*, *Guð himna gæðum*, er neðsta rödd úr fjórradda tónsmíð lá beinast við að athuga hvort ekki væri sama uppi á teningnum í þessu tilviki. Svarið fannst í ítalskri söngbók sem prentuð var í Feneyjum 1544 og hefur að geyma 16 veraldleg lög fyrir fjórar raddir í einföldum stíl sem kenndur var við Napólí, *canzone villanesche alla napolitana*.⁴² Áttunda lag safnsins er eftir Francesco Corteccia og ber heitið *Madonn'io t'haggi amat'et amo assai*, og bassarödd þess er næstum upp á tón samhljóða laginu í *Melódíu*.

Ítalska nótnaprentið á sér athyglisverða forsögu. Forsprakki útgáfunnar var Adrian Willaert, einn virtasti tónlistarmaður Ítalíu á 16. öld og *maestro di cappella* við Markúsarkirkjuna í Feneyjum á árunum 1527–1562. Willaert lagði merkan skerf til mótettu- og madrígalasmíða og er jafnan talinn eitt áhrifamesta tónskáld áratuganna áður en Lassus og Giovanni Pierluigi da Palestrina komust til fulls þroska. Hann lagði einnig sitt af mörkum til að kynna tónlist lítt þekktra og/eða yngri tónskálda, og þannig var einmitt háttað með útgáfuna sem hann stóð að í heimaborg nótnaprentsins árið 1544, *Canzone villanesche alla napolitana*. Söngbókin ávann sér mikla hylli og var endurprentuð fimm sinnum allt til ársins 1563, en með nokkuð

41 Engel Lund, *Íslensk þjóðlög* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1960); *Himm íslenski Pursaflokkur* (Reykjavík: Fálkinn, 1978). Jón Ásgeirsson notar *Vera mátt góður* í píanókvintetti sínum og sömuleiðis í *Íslenskum sagnadönsum*; Ríkarður Örn Pálsson hefur útsett lagið fyrir kór, klarínett og slagverk, og samið um það einleikspátt fyrir píanó (*Átján hugleiðingar um íslensk þjóðlög*). Sigríður Þ. Valgeirsdóttir taldi *Vera mátt góður* íslenska gerð *basse danse*, sem var vinsæll hirðdans í Frakklandi og Niðurlöndum á 15. og 16. öld en á ekkert skylt við ítalska sönglagahefð. Hún tók þó fram að lagið gæti hafa verið „innflutt án dansins“ og hníga nú öll rök til þess þegar fyrirmyndin er fundin. Sjá Sigríður Þ. Valgeirsdóttir, *Íslenskir söngdansar í þúsund ár* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010), 84–85 og 227–229.

42 *Canzone villanesche alla napolitana di M. Adriano Wigliaret a quatro voci, con alcuni madrigali da lui novamente composti e diligentemente corretti, con la canzona di Ruzante. Con la giunta di alcune altre canzone villanesche alla napolitana a quatro voci, composte da M. Francesco Corteccia non piu viste ne stampate, nuovamente poste in luce* (Feneyjum: Scotto, 1544), útg. í Adrian Willaert o.fl., *Canzone villanesche alla napolitana and villotte*, útg. Donna G. Cardamone, *Recent Researches in the Music of the Renaissance 30* (Madison: A-R Editions, 1978).

breyttu innihaldi í hvert sinn; *Madonn'io t'haggi amat'et amo assai* stendur einungis í útgáfunum 1544 og 1545.⁴³

Tónsmíðar í þessum stíl voru nýjar af nálinni. Árið 1537 voru fyrstu lögín með heitinu *canzone alla napolitana* prentuð í Napólí, í litlu kveri sem geymir 15 þríradda söngva eftir óþekktan höfund. Skömmu áður hafði Karl V. sótt borgina heim í fyrsta sinn og blés það nýju lífi í lista- og félagsstarf hennar; hvarvetna var slegið upp veislum, leiksýningum og tónleikum sem keisarinn eða hirðmenn hans gátu sótt. Fólk af ýmsum stigum þjóðfélagsins sameinaðist um að bjóða keisarann velkominn og lítill vafi leikur á því að fyrsta nótnaprentið með yfirskriftinni *canzone alla napolitana* er sprottið úr þeirri listrænu vakningu sem varð á meðal heimamanna í kjölfar heimsóknarinnar.⁴⁴

Lýsingarorðið *villanesca* er dregið af latneska nafnorðinu *villanus*, „lágstéttarmaður“. Í tónlist var það notað um lög sem sóttu innblástur í munnlega hefð og líktu eftir söng eða öðrum tilþrifum bænda og alþýðusöngvara. Tónlistin er einföld og hómófónísk, laglínan iðulega í efstu rödd en alt, tenór og bassi styðja við með hljóðum. Samstígar fimmundir koma stundum fyrir í Napólísöngvunum og vísa til götumeningar samtímans. Hendingar eru skýrar og skorinorðar, textarnir léttúðug ástarkvæði sem oft og tíðum eru á mállýsku Napólíbúa og brúka orð sem bæjarbúum voru tøm, til dæmis „haggio“ í stað „ho“ og „toi“ í stað „tue“.⁴⁵ Lög í þessum stíl gerðu takmarkaðar kröfur til flytjenda, einfaldur rithátturinn hentaði áhugasöngvurum og þau voru tilvalin til skemmtunar á mannamótum. Í slíkum söng var auðvelt að gleyma amstri hversdagsins og njóta tilverunnar í góðra vina hópi.

Því má segja að *villanesca* hafi verið eins konar mótvægi við madrigalann, þar sem meiri alvara og metnaður ríkti bæði í tónum og texta. Madrigalar nutu vaxandi vinsælda á fyrri hluta 16. aldar og einkenndust af fleiri

43 Donna G. Cardamone, formáli fyrir Willaert o.fl., *Canzone villanesche alla napolitana and villotte*, xviii. Af útgáfunni 1544 hefur aðeins varðveist stakur hluti alt-söngheftisins. Prentið frá 1545 hefur varðveist heilt í tveimur eintökum, annað er í Bayerische Staatsbibliothek í München en hitt í Herzog-August-Bibliothek í Wolfenbüttel; í Österreichische Nationalbibliothek í Vínarborg er aukinheldur stök raddbók með tenór.

44 Donna G. Cardamone, „The Debut of the *Canzone villanesca alla napolitana*,“ *Studi Musicali* 4 (1975): 73–74.

45 Cardamone, formáli fyrir Willaert o.fl., *Canzone villanesche alla napolitana and villotte*, xi; Giulio M. Ongaro, „Italy, i: 1520–1560,“ *European Music 1520–1640*, ritstj. James Haar (Woodbridge: The Boydell Press, 2006), 59.

og sjálfstæðari röddum, háfleygari efnistöfum og fullgildum textum frá bókmenntalegu sjónarmiði. Ekki voru þó allir á eitt sáttir um ágæti hinnar óæðri götutónlistar. „Napolísöngvar blíðka og róa sálina og gera hana að nokkru leyti kvenlega og mjúka,“ sagði ítalski húmanistinn Alessandro Piccolomini, en tónskáldið og tónfræðingurinn Nicola Vicentino – sem raunar var nemandi Willaerts – fann þeim allt til foráttu:

Það er ekki að undra að tónlistin sé ekki í hávegum höfð nú til dags, því að hún er notuð til auvirðilegra hluta, svo sem *balli*, *napolitane* og *villotte*, og annarra fáránlegra hluta, þvert á skoðanir hinna fornu sem vildu nota hana eingöngu til að syngja guðunum lofsöngva, og um mikilfenglegar mannanna gjörðir.⁴⁶

Hinn nýi alþýðustíll barst skjótt norður til Feneyja með vinsælli söngbók eftir Gian Domenico da Nola. Söngvarar síkjaborgarinnar höfðu þó fágæðri smekk en grannar þeirra í suðri og því tóku Adrian Willaert og félagar hans sig til og útsettu sum laganna fyrir fjórar raddir, fjarlægðu samstígar fimmundir sem skáru í viðkvæm eyru og sömdu aukinheldur ný lög í sama stíl. Með útgáfunum 1544 og 1545 festi Willaert sig í sessi sem talsmaður hinnar nýju stefnu í veraldlegri alþýðumúsík; hálærður organistinn reisti brú milli sönghefða norðurs og suðurs, borgarastéttar og alþýðu.

Francesco Corteccia, sem á heiðurinn af laginu við *Madonn'io t'haggi amat'et amo assai*, var raunar hvorki Napolíbúi né Feneyingur, og óvíst hvort vegir þeirra Willaerts lágu nokkru sinni saman. Hann fæddist í Flórens árið 1502, bjó þar til dauðadags 1571 og var atkvæðamikill í tónlistarlífi borgarinnar sem tónskáld, kennari og organisti. Hann hafði enn ekki náð þrítugsaldri þegar Medici-ættin tók hann undir verndarvæng sinn og fékk honum organistastöðu við San Lorenzo, eina stærstu kirkju borgarinnar sem jafnframt var grafhvelfing ættarinnar. Corteccia samdi allnokkuð af kirkjutónlist en honum var einnig falið að semja glæsiverk fyrir stórviðburði á vegum hirðarinnar, til dæmis viðamikla madrigalamúsík fyrir brúðkaup Cosimo I., hertoga af Medici, og eiginkonu hans, Eleonóru

46 Cardamone, formáli fyrir Willaert o.fl., *Canzone villanesche alla napolitana and villotte*, ix; „non è da marauigliarsi, s' à questi tempi la Musica non è in pretio; perche è stata applicata à cose Basse, come sono a Balli, a Napolitane, & a Villotte, & altre cose ridiculose, contra l'opponione de gli Antiqui, liquali offeruauano quella solamente per cantare gli Hymni de gli Dei, & i gran fatti de gli huomini...“ (Nicola Vicentino, *L'antica musica ridotta alla moderna prattica*, Róm, 1555, 84v).

af Tóledó, árið 1539. Tíu árum síðar hlaut Cortecchia nafnbótina *maestro di cappella* við Medici-hirðina, og hann tileinkaði hertoganum öll helstu verk sín. Árið 1563 varð hann *canonico assoluto* við basilíku heilags Lárentíusar (San Lorenzo), og jafnvel er talið að hann hafi samið tónlistina fyrir útför Michaelangelos Buonarroti sem fram fór í borginni ári síðar.⁴⁷ Cortecchia var hvorki afkastamikið tónskáld né brautryðjandi í sköpun sinni, en hann naut virðingar samtíðarmanna sinna bæði fyrir trúarleg og veraldleg verk.

Ekki er vitað hver orti ítalska textann, en hann er dæmigerður fyrir yfirbragð og efnistöð *villanescu*-söngva:

Madonn'io t'haggi amat'et amo assai	Frú mín, ég elskaði þig og elska ennpá heitt,
Et mai non mi volesti consolare.	og aldrei hefur þú viljað hugga mig.
Et sempre d'ogg'in crai	Og allan daginn krunkar
Cra cra cra cra cra cra cra cra	krá krá krá krá krá krá krá
Cra cra cra cra cra cra fa la cornachia	krá krá krá krá krá krá tra la krákan
Et alle pene mia fine non sacchia.	og veit ekkert um brennandi kvöl mína.

Eins og venjan var í ítalskri sönglýrík 16. aldar skiptast hér á ljóðlinur sem eru sjö og ellefu atkvæði að lengd. Krákan er algeng táknmynd í ítölskum alþýðukveðskap; hér er krunki hennar ætlað að minna á kvenmann sem reynir á þolrif elskhugans með orðagjálfri sínu.⁴⁸

Hinn íslenski texti í *Melódíu* er af gjörólíkum toga: léttúðugum götu-söng frá Napólí er snúið upp í kennslustund í andlegum dyggðum. Það virðist hafa tíðkast hér á landi að snúa erlendum veraldlegum textum upp í trúarleg heilræði eða sálmasöng, sbr. *Meins Traurens ist / Úr djúpum mjög*. Sú viðleitni að færa erlend sönglög í andlegan búning gæti bent til þess að *Melódíu*-handritið sé sett saman í Skálholti eða hafi önnur sterk tengsl við biskupsstólinn. Textinn við *Vera mátt góður* er heilræðavís og í henni er fólgið kennslugildi; með söngvum á borð við *Úr djúpum mjög* og *Súsanna, sannan Guðs dóm* hefur verið hægt að kenna skólasveinum *Davíðssálma* og biblíusögur á ánægjulegri hátt en með eintómu utanbókarstagli.

Ekki verður sagt að íslenski textinn falli jafn vel að laginu og sá

47 Maria Antonella Balsano, „(Pier) Francesco Cortecchia,“ *Die Musik in Geschichte und Gegenwart*, Personenteil 4, 1672.

48 Cardamone, formáli fyrir Willaert o.fl., *Canzone villanesche alla napoletana and villotte*, xxix.

ítalski. Cortecchia gerir sér far um að líkja eftir krákukrunki með fallandi tónapörum á orðunum „cra cra cra cra“, en þetta fer fyrir lítið þegar sungið er „seinna“ og „loksins“ á sömu nótum. Íslenski textinn breytir aukinheldur út af samspili tóna og texta miðað við frumgerðina. Í villanellunni er seinni hlutinn (frá „Et sempre d’ogg’in crai“) sunginn tvisvar, en í *Vera mátt göður* er nýr texti settur við endurtekninguna þannig að kvæðið er lengra þótt lagið standi óbreytt:⁴⁹

Vera mátt gödur ef vilt þar til stunda
vanti þig ei Guds stirk þar til að skunda
en ef þu þann veg þeinker
seirna, seirna, seirna, seirna
sett hef eg mier nijann lifnad að biria
lijf þitt stutt og liot afdrif huer mun spiria.
Enn ef þu þeinker þannin
loksins, loksins, loksins, loksins
lijf mitt vil eg med Guds hjalp bæta
leingur munt lifa og æ lucku mæta.

Nóturnar í *Melódiu* eru nær fullkomlega samhljóða ítalska nótnaprentinu. Hendingarnar „sett hef ég mér nýjan lifnað að byrja“ og „líf mitt vil ég með Guðs hjalp bæta“ eru þær einu sem fylgja frumgerðinni ekki nákvæmlega, þótt ekki skeiki þar miklu. Í fyrri tilfellinu eru nóturnar í stökkunum ekki þær sömu en í seinni hendingunni vantar tvær nótur upp á, enda er íslenski textinn hér tveimur atkvæðum styttri en sá ítalski. Lækkunarmerki vantar auk þess á tveimur stöðum fyrir framan nóturna E, á fyrri atkvæði orðanna „þenkir“ og „þannin“ í þriðju og sjöundu hendingu. Í heild verður þó ekki annað sagt en skrifara *Melódiu* takist hér vel upp, og virðist hann hafa verið kunnáttaður með aðgang að traustum heimildum.

Það getur vart verið tilviljun að lög úr þremur nótnaprentum sem gefin voru út á meginlandinu á áratug – Forster 1539, Willaert 1545, Lupi 1548 – skuli hafa ratað til Íslands. Vaknar þá sú spurning hvort hér hafi verið meðvitund sókn til að kynna fyrir landsmönnum nýjan söng úr miðstöðvum menningarinnar, bæði þýskan, franskan og ítalskan. Erlendir menningarstraumar voru sterkir á síðari hluta 16. aldar og það virðist hafa átt við um tónlist sem annað.

49 Rask 98 (nr. 138), 43r-v.

Ma - donn' - io t'haggi a - mat' et a - mo'ass - a - i.

Ver - a mátt góð - ur ef vilt þar til stund - a,

Et mai non mi vol - est - i con - so - la - re.

vant - i þig ei Guðs styrk þar til að skund - a.

The image shows two musical excerpts. The first is for 'Madonn'io t'haggi amat'et amo assai', featuring a vocal line (Soprano/Alto) and a piano accompaniment (Tenor/Bass). The second is for 'Vera mátt góður úr', featuring a piano accompaniment (Tenor/Bass). Both excerpts are in G minor and common time.

Nótnadæmi 4: (a) Francesco Cortecchia, *Madonn'io t'haggi amat'et amo assai*, upphaf (nótnagildi helminguð); (b) *Vera mátt góður úr* Rask 98, upphaf.

Fyrstu áratuginu eftir siðaskipti voru skólameistarar latínuskólanna flestir danskir, menntaðir í háskólum í Danmörku og Þýskalandi, og einhverjir þeirra voru góðir söngmenn. Um einn þeirra segir Jón Halldórsson í Hítardal, í skólameistaratali sínu frá 1719: „Erasmus Villatsson, þýzkur, bezti söngmaður, brúkaði fyrstur Discant og þessháttar söng hér í landi. Svo er og margt af afkvæmi hans velraddað fólk.“⁵⁰ Í þeim þremur íslensku handritum sem varðveita fjórradda söng er efsta röddin kölluð „discant“, en svo virðist sem Jón í Hítardal noti þetta orð almennt um tónsmíðar fyrir fjórar raddir.⁵¹ Varla kæmi á óvart þótt sá maður sem kynnti „discant“ fyrir

50 Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*, útg. Hannes Þorsteinsson, Sögurit 15 (Reykjavík: Sögufélag, 1916–1925), 16; Njáll Sigurðsson, „Söngkennsla í latínuskólum,“ í Loftur Guttormsson, *Kristni á Íslandi 3. Frá siðaskiptum til upplýsingar* (Reykjavík: Alþingi, 2000), 159; Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf. Starf og siðir í latínuskólunum á Íslandi, 1552–1846* (Reykjavík: Iðnú, 2000), 288. Sjá einnig ÍP, 770.

51 AM 102 8vo: „Carminis genus. med Tenor, discant, Bassa og Altum“; Lbs 508 8vo: „Discantus/Altus/Tenor/Bassus“; ÍB 361 8vo: „D/A/T/B“. Sópran- og altraddir laganna sem

landsmönnum hefði haft í farteskinu nokkra slagara frá meginlandinu, og þar voru útgáfur Forsters, Willaerts og Lupis meðal þeirra sem nutu mestrar hylli.

Líklega hefur Skálholt verið vænlegasti staðurinn til að reyna fyrir sér með fjölradda söng af erlendum uppruna. Erasmus Villatsson var skólameistari þar 1561–1564, naut mikillar virðingar fyrir störf sín og kvæntist Helgu Gísladóttur Jónssonar biskups. Að starfslokum í Skálholti hélt hann Garða á Álftanesi eitt ár, Odda árið 1565 og Breiðabólstað í Fljótshlíð til dauðadags 1575.⁵² Eftirmenn Erasmusar í Skálholti höfðu margir hverjir góða rödd. Bróðir Erasmusar, Kristján Villatsson, var rektor í Skálholti 1567–1571, eða þar um bil, og Gísli Guðbrandsson, skólameistari 1583–1585, var bæði söngmaður og málari.⁵³ Þá þótti Sigurður Stefánsson, skólameistari haustið 1595 og lærður utanlands, framúrskarandi söngmaður.⁵⁴ Sr. Ólafur Einarsson, faðir sr. Stefáns í Vallanesi, tók ennfremur við skólameistaraembætti um aldamótin 1600 og þótti einkar lærður í „bóklegum kunstum“.⁵⁵ Þess má að lokum geta að Páll Erasmusson, sonur fyrrum skólameistarans og langafi Árna Magnússonar handritasafnara, var kirkjuprestur í Skálholti skömmu eftir 1600. Með slíka menn í forystu má vænta þess að sú hefð sem skólameistarinn söngvísi bar með sér til Íslands hafi lifað um nokkra hríð, að minnsta kosti nokkuð fram á 17. öld.

rædd eru í þessari grein hafa ekki varðveist í íslenskum handritum, né heldur tenórröddin að *Vera mátt góður* eða bassaraddir hinna laganna fjögurra. Þó hlýtur að vera allt eins líklegt að þær hafi borist með hinum röddunum til landsins og verið sungnar hér um skeið, eftir því sem aðstæður leyfðu. Njáll Sigurðsson telur að söngur í fleiri en tveimur röddum hafi ekki fest rætur á Íslandi utan latínuskólanna, sbr. „Söngkennsla í latínuskólum,“ 162.

52 Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, 288.

53 Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*, 69; sjá einnig Lbs 175 4to, 281v: „Vellærdur, málare godur og mikell söngmadur“; *Ættartölusafnrit séra Þórðar Jónssonar í Hitardal 1*, útg. Guðrún Ása Grímsdóttir, Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rit 70 (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar, 2008), 65: „söng vel og málverksmaður“. Gísli hefur væntanlega verið vel kunnugur þýskættaða söngmanninum og forvera sínum í embætti því að hálf systir móður hans var Helga Gísladóttir, eiginkona Erasmusar Villatssonar.

54 Í skólameistararegistri Odds biskups Einarssonar segir að Sigurður hafi verið „beztur poëta og Musicus,“ sjá Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*, 212–213; sjá einnig sama rit, 83; Guðlaugur R. Guðmundsson, *Skólalíf*, 289.

55 Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*, 89.

4. „Ein fógur Jolasaungs vijsa“

Í *Melódíu* er einnig erlent lag sem aldrei var prentað og hefur því borist til Íslands í handriti. Sálmurinn *Frábæra, –bæra* stendur með nótum í sex íslenskum handritum og án nótna í 23 handritum til viðbótar. Lagið hefur því farið nokkuð víða og jafnframt verið langlíft, því að handritin spanna tvær aldir. Í öllum þeirra nema tveimur (Cornell MS 4 og *Hymnodia sacra*) vantar fyrsta erindið framan á sálminn og er hann því stundum nefndur eftir öðru erindi, „Vígð náttin, náttin“.⁵⁶ Þar sem sálmurinn er á annað borð eignaður höfundi er hann alls staðar sagður vera eftir sr. Jón Þorsteinsson píslarvott í Vestmannaeyjum. Erindið „Vígð náttin“ var raunar prentað á 19. öld með ljóðmælum Stefáns Ólafssonar í Vallanesi en aðeins einn maður eignar honum kvæðið, Jón Ólafsson úr Grunnavík, og verður hann að teljast ótraust heimild hvað þetta varðar.⁵⁷

Elsta heimild um lag og texta er handritið Cornell MS 4, sem hefur að geyma *Davíðssaltara* og *Genesisisálma* sr. Jóns Þorsteinssonar píslarvotts. *Davíðssálmar* standa í fyrri hluta handritsins (1r–75r) með hendi Björns Grímssonar. Mjög er vandað til verka, lýstir upphafsstafir og skraut með bláu, rauðu og grænu bleki og gyllingum á stöku stað, enda kemur fram í formála að handritið sé ætlað Oddi biskupi Einarssyni. Því er ljóst að handritið er ritað eftir 1622, þegar sr. Jón fullgerði *Davíðssálma* sína, en fyrir andlát biskups 1630.⁵⁸ Næst á eftir *Davíðssálmum* stendur *Frábæra, –bæra* á heilli opnu (75v–76r) og eru nótnastrengir dregnir ofan við textann. Yfirskriftin er: „EN LIRE. Vtsett a Islendsku. Tenor.“⁵⁹ Samkvæmt

56 Sjá *ODPI*, 450. Bjarni Þorsteinsson prentar eina gerð lagsins (úr *Hymnodia sacra*) í þjóðlagasafni sínu, sjá *ÍÐ*, 286 og 337–338.

57 Stefán Ólafsson, *Kvæði 2*, útg. Jón Þorkelsson (Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag, 1886), 355. Jón Grunnvikingur nefnir sálminn í orðabók sinni þar sem hann skýrir sögnina *vígja*. Þar dregur hann fram líkindi með þýska orðinu *Weihnacht* og upphafslínu íslenska jólasálmsins: „ad hoc nomen fortè respexit Dominus Stephanus Olavii, in Psalmo suo in Festum Natalitiorum Domini (ä Joolanöttina): qvi sic incipit: Vjigd Náttin! Náttin! / vel-komin æ allann hättinn, hättinn, etc.“ (*AM* 433 fol., IX, 351r).

58 Björn var dráttgagur og hlaut viðurnefnið „málari“, en þótti skrýttinn í háttum. Ekki er hægt að fullyrða að í Cornell MS 4 sé *Frábæra, –bæra* með sömu hendi og *Davíðssálmar*, en þó eru á því meiri líkur en minni, lýstum upphafsstafnum svipar mjög til þeirra sem standa á síðum 32v og 71r. Sjá nánar Halldór Hermannsson, *Illuminated Manuscripts of the Jónsbók*, *Islandica* 28 (Íþaka: Cornell University Press, 1940), 18–21.

59 Sjá Þórunn Sigurðardóttir, *Manuscript Material, Correspondence, and Graphic Material in the Fiske Icelandic Collection. A Descriptive Catalogue*, *Islandica* 48 (Íþaka: Cornell University Press, 1994), 3–4.

Þessu er textinn þýddur úr erlendu máli og lagið er tenór úr margradda tónsmíð. Textinn hljóðar þannig í Cornell MS 4:

Frabæra bæra
 siä lofshørpuna hliod skiæra hliod skiæra
 lofande hann a þui hærra
 Mariu Meýar Jesum Christum sonin sanna
 fæddan hier J alfum ystum adstod Manna
 Þui hlioma allra Eingla hliodfære
 allra Eingla hliodfære hljomande hljomande
 allra Eingla hliodfære hliomande
 allra Eingla hliodfære hliomande
 allra Eingla hliodfære hliomande
 allra Eingla hliodfære hliomande.

Hér eru tengsl tóna og orða með nokkuð öðrum hætti en í dæmigerðum sálmalögum þar sem tónar og texti fylgjast að í skýrt afmörkuðum hend-ingum. Margendurtekin lokalinan gefur að minnsta kosti í skyn að hér sé um viðameiri tónsmíð að ræða.

Tenórhendingin í Cornell MS 4 fyllir aðeins fyrsta nótnastrenginn en framhald lagsins vantar. Þó er hún lykillinn að því að finna frumgerð lagsins. Nótnaskriftin hefur yfir sér alþjóðlegan blæ og er bæði örugg og trúverðug; þetta er eina uppskrift lagsins þar sem hrynurinn sver sig í ætt við tónsmíðar á meginlandinu. Nánari skoðun hefur leitt í ljós að lagið á sér beina hliðstæðu í fjórradda jólamótettu við latneskan texta, *Gaudete psallentes*, sem aðeins hefur varðveist í handritinu Regensburg Proske-Bibliothek A.R. 940/41. Í því er textinn einnig lofsöngur um fæðingu Krists sem leggur út af hljóðfæraslætti englanna á jólanótt, og er hér komin fyrirmynd bæði lags og texta:

Gaudete gaudete psallentes
 mire mire laudantes,
 virginis Mariæ filium
 in salutem nobis genitum,
 angelorum tǔmpana bum tǔmpana b[um]
 tǔmpana tǔmpana b[um] b[um] b[um] b[um]
 angelorum tǔmpana b[um] b[um] b[um] b[um]
 tǔmpana tǔmpana b[um] b[um] b[um] b[um]
 angelorum tǔmpana b[um] b[um]
 angelorum tǔmpana bum.

EN LIRE. *Vifit a Mlendi. Tenor*

Frabara bara sia lopshepima hiod

skiana hiodskiana lopande han a pin herra Ma


mi Marpar Iesum Chaltum Conu lana Paddan

hies I alþum rþum adliod Maana Pin hroma

alka Engla hiodpare alka Engla hiodpare

Mynd 2. Frábæra, -bæra, úr Cornell MS 4 (75v).

Handritið A.R. 940/41 í Proske-bókasafninu í Regensburg er samsett af fimm söngheftum, einu fyrir hverja rödd: sópran, alt, tenór, quintus og bassa. Þau voru rituð af Wolfgang nokkrum Küffer á árunum 1557–1559 og hafa að geyma 314 tónsmíðar við andlega og veraldlega texta á latínu, þýsku, frönsku og ítölsku. Lögin eru af ýmsum toga og er handritið talið heimild um söng þýskra háskólastúdenta um miðja 16. öld. Küffer stundaði nám við háskólann í Wittenberg og var þar enn þegar hann hóf að skrifa handritið; tónlistarfræðingurinn Wilfried Brennecke telur að sá hluti handritsins sem geymir *Gaudete psallentes* sé ritaður þar. Küffer fluttist til Regensburg síðla árs 1559 og tók þar við stöðu konrektors við latínuskólann. Hugsanlega hefur hann ritað síðustu lögin eftir að þangað var komið.⁶⁰



Mynd 3. *Gaudete psallentes*, tenórrödd (upphaf), úr A.R. 940/41.

Af 314 tónsmíðum þýska handritsins hafa 26 hvergi fundist annars staðar og *Gaudete psallentes* þar á meðal – þar til nú. Mótettan er nr. 170 í safninu og sú fyrsta í hópi nokkurra söngva við texta sem tengjast jólum. Þótt raddirnar fjórar séu að nafninu til jafnréttháar liggur meginþónefnið í sópran og tenór, og það er tenórinn sem er fyrirmynd íslensku laggerðarinnar.⁶¹ Í seinni hluta lagsins líkja söngvararnir eftir bumbuslætti engla, við síendurtekinn textann „angelorum tympana b[um] b[um] b[um]“. Þessi skemmtilegu tengsl tóna og texta tapast í íslensku útgáfunni, þar sem á viðkomandi tónum er sungið „hljómandi“ og slátturinn fer fyrir lítið.

60 Wilfried Brennecke, *Die Handschrift A.R. 940/41 der Proske-Bibliothek zu Regensburg. Ein Beitrag zur Musikgeschichte im zweiten Drittel des 16. Jahrhunderts* (Kassel: Bärenreiter-Verlag, 1953), 13–19.

61 Sama rit, 34 og 49. Brennecke skilgreinir textann við *Gaudete psallentes* sem „Reimlied, bisher unbekanntes volkstümliches Weihnachtslied“.

S
A
T
B

Gau - de - te, gau - de - te psal - len - tes, mi - re, mi -

Gau - de - te psal - len - tes, mi -

Gau - de - te, gau - de - te psal - len - tes, mi - re,

Gau - de - te, psal - len - tes, mi -

re - lau - dan - tes, vi - rgi - nis Ma - ri - ae fi - li -

re - lau - dan - tes, vi - rgi - nis Ma - ri - ae fi - li -

mi - re lau - dan - tes, vi - rgi - nis Ma - ri - ae fi - li -

re, mi - re lau - dan - tes, vi - rgi - nis Ma - ri - ae fi - li -

15

um in sa - lu - tem no - bis ge - ni - tum an - ge - lo - rum tim - pa -

um in sa - lu - tem no - bis ge - ni - tum ge - ni - tum

um in sa - lu - tem no - bis ge - ni - tum an - ge - lo - rum tim - pa - na, —

um in sa - lu - tem no - bis ge - ni - tum

Nótnaðemi 5. *Gaudete psallentes* úr A.R. 940/41 (nótnagildi helminguð, umritun Á.H.I.).

22

na, tim - pa - na, bum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, an - ge - lo - rum

an - ge - lo - rum tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum, an - ge - lo - rum

bum, bum, tim - pa - na, bum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, an - ge -

an - ge - lo - rum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum, an - ge -

29

tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum, bum,

tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum,

lo - rum tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum,

lo - rum tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, tim - pa - na, tim - pa - na, bum, bum, bum,

36

an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum, bum,

an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum, bum, an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum, bum, bum,

bum, an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum, an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum,

bum, an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum, bum, bum, bum, an - ge - lo - rum tim - pa - na, bum,

Mótettan *Gaudete psallentes* lætur vel í eyrum þótt nánari rýni leiði í ljós að hún er ekki samin af atvinnutónskáldi. Ýmsar reglur raddfærslu og kontrapunkts eru þverbrotnar, ekki er ávallt farið með ómstriða tóna samkvæmt ströngustu reglum og einnig er að finna samstígar fimmundir milli sópran- og altraddar í seinni hlutanum. Kannski hefur tónskáldið verið háskólanemi með kunnáttu í tónlist sem nýttist honum til að semja einfalda söngva. Textinn er væntanlega einnig frumsaminn; ekki er vitað um hann annars staðar og erfitt að gera sér í hugarlund að hann hafi orðið til í öðru samhengi en þessu. Þrátt fyrir ýmsa annmarka er mótettan fjörug og skemmtileg, bumbuslátturinn ljær henni gamansaman tón og hún hentar vel til söngs í góðra vina hópi. Lúther minntist þess að í æsku hafi hann ásamt öðrum skólasveinum gengið hús úr húsi og sungið lög í fjórum röddum um fæðingu Jesúbarnsins í Betlehem.⁶² Vel má ímynda sér að uppruni mótettunnar liggja í óformlegum stúdentasöng af því tagi.

Ómögulegt er að segja til um hvernig mótettan barst frá Wittenberg til Íslands. Ungir guðfræðingar víðs vegar að stunduðu nám í Wittenberg og Jena, og einhverjir þeirra hafa tekið heim með sér prentaðar bækur og handrit eftir því hvar áhugi þeirra lá.⁶³ Raunar virðist fátt um íslenska stúdenta á þessum slóðum á árum Küffers. Oddur Gottskálksson og Ólafur Hallsson námu í Wittenberg nokkrum áratugum fyrr, og skömmu eftir að A.R. 940/41 var ritað sátu þeir Gísli Gunnarsson, Henrik Gíslason, Loftur Skaftason, Ólafur Einarsson og Þorleifur Magnússon á skólabeck í Rostock.⁶⁴ Meðal skólameistara í Skálholti á síðustu áratugum 16. aldar voru nokkrir lærðir í Þýskalandi: Sigurður Jónsson var skráður í stúdentatölu við Rostock haustið 1575, sr. Jón Guðmundsson lærði í Bremen og Kaupmannahöfn, og sr. Oddur Stefánsson, rektor 1590–1594 og 1596–97 og „með lærðustu prestum“, nam í Kaupmannahöfn og Rostock.⁶⁵ Oddur er sá eini úr þessum hópi sem heimildir geta um að hafi verið músíkmaður.

62 Leaver, *Luther's Liturgical Music*, 26.

63 Margrét Eggertsdóttir, „Sautjándu aldar sólarýn,“ *Glíman* 5 (2008): 220.

64 Friederike Christiane Koch, *Untersuchungen über den Aufenthalt von Isländern in Hamburg für den Zeitraum 1520–1662*, Beiträge zur Geschichte Hamburgs 49 (Hamburg: Verlag Verein für Hamburgische Geschichte), 49; Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940 1–5* (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952), 2, 348; 3, 398; 4, 36; 5, 182.

65 Jón Halldórsson, *Skólameistarasögur*, 65, 71, 80; Páll Eggert Ólason, *Íslenzkar æviskrár* 4, 20. Sr. Ólafur Einarsson hafði einnig tengsl við Skálholt því að hann var kirkjuprestur þar 1589–1590.

Hann varð síðar prófastur í Gaulverjabæ og 1637 er hann sagður hafa tekið til sín bróðurson sinn, Markús Snæbjarnarson, sem „var þar 1 ár og lagði sig eptir sönglist“.⁶⁶

Þótt *Gaudete psallentes* sé aðeins varðveitt í handriti frá Wittenberg er hvorki þar með sagt að uppruni mótettunnar sé í háskólabænum né heldur að hún hafi einungis verið sungin þar. Fyrst hún komst alla leið til Íslands hefði hún auðveldlega getað skotið upp kollinum annars staðar á síðari hluta 16. aldar, til dæmis í Kaupmannahöfn. Þeir voru samtímamenn í Wittenberg, Küffer og guðfræðingurinn tónelski Johannes Bugenhagen, og voru góð menningarsamskipti milli staðarins og Danmerkur. Þarna var einnig um svipað leyti niðurlenska tónskáldið Adrian Coclicus, sem síðar gekk í þjónustu Kristjáns III. Danakonungs.⁶⁷ Því hefur mótettan getað gert víðreist eftir ýmsum leiðum, hvort sem hún hafði viðkomu í Danaveldi eða ekki. Varla hefur hún borist síðar til Íslands en um 1620 fyrst sr. Jóni auðnaðist að yrkja við hana texta. Vel má vera að hún hafi komið hingað nokkru fyrr, á síðari hluta 16. aldar.

Ekki verður betur séð en að lag og texti hafi átt vinsældum að fagna hér á landi. Sálmurinn er varðveittur í að minnsta kosti 29 íslenskum handritum, þar af sex með nótum (sjá töflu 1). Yfirskrift sálmsins vísar í jólanótt í mörgum handritanna þótt ekki sé það algilt. Í átta heimildum er hann kallaður „jólasálmur“, „jólasöngur“, „jólavísa“ eða „jólavars“, en í fjórum vísar yfirskriftn til þess að honum sé raðað með nýárssálmum sr. Jóns („Fimte Nijärs Psalmur“, „Þrijdia Nijaars Vijsa“ o.s.frv.). Jón orti nokkuð af jóla- og nýárssálmum sem gjarnan standa saman í handritum og þá oft framarlega (hugsanlega vegna þess að í bæði kaþólskum sið og lútherskum var efni söngbóka gjarnan raðað samkvæmt kirkjuárinu, sem hefst með jólaföstu).

Erindi sálmsins eru ýmist fimm eða sex í handritum. Í tveimur þeirra sem geyma nótur stendur „Frábæra, –bæra“ fremst (Cornell MS 4, *Hymnodia sacra*) en í öðrum (Lbs 1422 8vo, Lbs 1536 8vo) stendur þar „Vígð náttin“ en „Frábæra, –bæra“ aftast. Í þeim handritum þar sem sálmurinn stendur án nótna er mun sjaldgæfara að „Frábæra, –bæra“ komi yfirleitt fyrir, en þá ávallt sem síðasta erindi. Öll erindi sálmsins, að

66 Bogi Benediktsson, *Sýslumannaæfir* 4, útg. Hannes Þorsteinsson (Reykjavík: Prentsmiðjan Gutenberg, 1905–1908), 536.

67 Angul Hammerich, *Dansk musikhistorie indtil ca. 1700* (Kaupmannahöfn: Gad, 1921), 140.

Handrit	Ritad	Folio/Bl.	Yfirskrift	Nótur/Fjöldi erinda
Cornell MS 4	17. öld	75v-76r	EN LIRE. Vtsett a Islensdsku. Tenor.	nótur að hluta, 1 erindi
Rask 98	um 1660	49r-49v	153.	nótur, 1 erindi
Lbs 1485 8vo	um 1700	99v-100r	Sa gamle Psalmur um Jesu nafn og fæðingu Vígð Nátten.	nótur, án texta
Lbs 1422 8vo	1701	52-56	Eimn fugur Psalmur um Herrans Jesu Christi fæðing og nafn	nótur, 6 erindi
Lbs 1536 8vo	um 1740-60	41r-43v	Eimn fugur psalmur um Herrans Jesu Christi fæðing og nafn	nótur, 6 erindi
Lbs 1927 4to	1742	44-46	Um Jesu hollðgan. Med sinum Ton.	nótur, 6 erindi
			*	*
JS 385 8vo	um 1680	8v	V. Psalmur Sr. J.T.S. med sinn eiginn ton	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 847 4to	1693	9-10	Fimte Njárs Psalmur, himns Sama. Med sinum Toon.	ekki nótur, 5 erindi
ÍBR 7 8vo	1693	62-64	V. Psalmur med sinn Ton	ekki nótur, 5 erindi
ÍB 380 8vo	um 1700	38-40	Eimn fugur Psálmur umm Herrans Jesu Christi fæðing og nafn	ekki nótur, 6 erindi
ÍB 815 8vo	um 1700	49r-50r	Anar Njárs Psalmur Med sýnum fagra Toon.	ekki nótur, 5 erindi
JS 643 4to	um 1700-10	3r-v	iii Jöla Psalmur. med sinum Toon	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 735 8vo	17/18. öld	172-74	Saungvijsa um Joolatymann	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 723 8vo	18. öld	31r-32r	Fimte Psalmur. Sub sua Melodia.	ekki nótur, 5 erindi
JS 155 8vo	18. öld	136r-v	Jolavers sr. Jóns Thorsteinssonar Med sijnum Tön	ekki nótur, 6 erindi
BL Add 11.181	18. öld	72v-74v	Ein Saungvijsa med Lystelegum Toon	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 1246 8vo	18. öld	51-53	Eijrn Fagur Psalmur um herrans Christi fæðing og nafn	ekki nótur, 5 erindi
JS 53 8vo	um 1720	57v-58r	Þridja Njársvijsa ordt af sama sem hinar fyrre Med sinum Ton.	ekki nótur, 5 erindi
JS 207 8vo	um 1720	13v-14r	Nockur Jöla Vess med Sitr Lag	ekki nótur, 5 erindi
BL Add 4891	um 1725	105v-106v	Jöla visa nattinn	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 271 4to	um 1770	48-49	Jöla Saungur ejud.	ekki nótur, 5 erindi
MS Boreal 113	1740	124v-125v	Ein fógur Jölasaungs vijsa	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 1158 8vo	um 1740-80	119-120	Aunnur Saungvijsa S.J.T.S. med sinn eiginn Tön	ekki nótur, 5 erindi
Þjms 2008-5-186	um 1750-1800	100-101	Psalmur ordt af Sr Jone Þorsteinssyne forðum Söknarpreste j Westmanna Eyum	ekki nótur, 6 erindi
Lbs 361 8vo	um 1750-1800	42r-43r	Einn Fagur Salmur um Fæding og nafn Jesu	ekki nótur, 5 erindi
JS 135 8vo	um 1770	1v-2r	Á Fæðingar Haatid Frelsans Jesu Christi. Gamall lofsaungur Med synumm Ton.	ekki nótur, 6 erindi
Lbs 2057 8vo	1800	187-191	Einn fagr sálmur um herrans Jesu Kristi fæðing og nafn	audir nótnastrengir, 6 erindi
ÍBR 104 8vo	um 1800	84-85	Þridja Nijjaars Vijsa ort af Sama med sijnum Tön	ekki nótur, 5 erindi
Lbs 200 8vo	um 1850	167	Jöla-Salmur	ekki nótur, 5 erindi

Tafla 1. *Frábæra, -bæra / Vígð náttin* í íslenskum handritum.

* Hér er í yfirskrift vísad framur í handritid, þar sem sálmurinn hefur eitt sinn staðid: „Vígð náttrenn er skrifadur ílb:1. fol: 55 enn mi syngiast med þessum Tön.“ Blað nr. 55 hefur glatast.

„Frábæra, –bæra“ undanskildu, deila síðustu vísuorðum, sem mynda eins konar viðlag: „Minnstan allan gjörði sig / leysti mig“. Þýðing latneska frumtextans á undir högg að sækja í heimildum og deilir ekki fyrrnefndu viðlagi; þetta gæti bent til þess að sr. Jón hafi ekki hugsað þýðingu sína og frumorta sálminn „Vígð náttin“ sem eina heild þótt kvæðunum sé hrært saman í handritum.⁶⁸

Af þeim lögum sem hér eru til umfjöllunar er *Frábæra, –bæra* það eina sem vitað er um að hafi getið af sér annan texta við sama lagboða. Í þremur sálmahandritum, sem öll voru skrifuð á síðari hluta 18. aldar, stendur sálmurinn *Lifsljóminn, ljóminn*. Yfirskrift eins þeirra er „Jóla-vers med serlegu lage“, annars „Eitt Jölavers kallad Christi Velkomande“ og þess þriðja „Psalmur umm JölaTimann / Ton Vygð Nættinn Nættinn“. Tónar þýsku mótettunnar tengdust því eftir sem áður jólahátíðinni þótt sunginn væri við þá annan texti.⁶⁹

Breytingar lagsins í íslensku handritunum þarf að skoða í nánara samhengi við frumgerðina. Hvað tónefni snertir má skipta *Gaudete psallentes* í fjóra hluta, A, B, C og D, sem hljóma á þann hátt sem greinir í töflu 2 (taktnúmer tilgreind í sviga).

Fyrri hluti verksins er fremur einfaldur og auðlærður; hendingarnar eru byggðar upp með markvissum hætti og stefnan er skýr. Upphafshendingin (A) er endurtekin með nýjum texta, og einkennist af lagrænu skrauti á orðunum „Gaudete“ og „mire“. Næsta hending (B), sem einnig er endurtekin, einkennist af áherslu á texta fremur en músíkölskum tilþrifum; þetta er jafnframt eini staður verksins þar sem sópran og alt víxlast um skamma stund. Eftir stuttan enduróm upphafshendingarinnar kveður við nýjan tón. Í seinni hluta lagsins skiptast á „pákusláttur“ á F-dúr þríhljómi (C) og

68 Af þeim átta handritum sem geyma sálminn í sex erindum eru aðeins tvö sem eigna hann sr. Jóni Þorsteinssyni (JS 155 8vo og Þjms 2008-5-186). Að þeim undanskildum er sálmurinn fimm erindi, þ.e. án *Frábæra, –bæra*, í öllum handritum sem nefna sr. Jón og nýárssálma hans. Sú staðreynd að *Frábæra, –bæra* stendur í Cornell MS 4, þar sem eingöngu eru sálmar sr. Jóns, bendir þó eindregið til þess að þýðingin sé hans rétt eins og frumorti sálmurinn.

69 Adv. 21.7.17 (76v–77r); MS Boreal 109 (28v–30r); MS Boreal 115 (7v–9r). Síðastnefnda handritið er skrifað í Skálholti 1772, líklega fyrir Ragnheiði Finnsdóttur Jónssonar biskups. Þar hefur söngfólk því kunnað skil á laginu undir lok 18. aldar. Í MS Boreal 109 er allmikill latínukveðskapur og má því einnig vera að það tengist Skálholti með einhverjum hætti. Sama kvæði er líka í lítið eitt yngra handriti, ÍB 243 8vo (um 1800; 4r–7r), og er lagboðinn einnig „Vígð náttin, náttin“. Sálmurinn er átta erindi og það fyrsta hefst svo: „Lifsljóminn, ljóminn, lofsælasti himna blóminn, blóminn, barn á jörðu er hér kominn“.

A	B
A1: Gaudete psallentes (1–6)	
A2: mire laudantes (6–11)	
	B1: virginis Mariae filium (12–15)
	B2: in salutem nobis genitum (16–19)
A3: angelorum (19–21, <i>aðalmótíf eingöngu</i>)	

Tafla 2. Formskipan mótettunnar *Gaudete psallentes*.

skrefagangs-mótíf þar sem tenór fylgir sópraninum með tveggja slaga töf (D). Þessar skiptingar eru allar fremur óreglulegar og erfitt að leggja þær á minnið. C-kaflinn kemur fyrir tvisvar en er lengri í fyrri skiptið; á móti kemur að D hljómar aðeins einu sinni eftir fyrri C-kaflann en tvisvar að loknum þeim síðari, og rekur þannig endahnútinn á þessa sérkennilegu tónsmíð.

Í engri íslensku heimildanna – nema brotinu í Cornell MS 4 – er lagið nákvæmlega eins og tenórinn í *Gaudete psallentes*. Endurtekning hendinganna er á reiki, stundum eru þær fleiri, stundum færri. Þýðandinn hefur auk þess farið frjálsglega með bragarháttinn, án þess þó að brjóta nokkru sinni gegn eðli lagsins. Í *Gaudete psallentes* eru stundum margar nótur á eitt atkvæði, en þá á íslenska skáldið það til að brjóta línuna upp svo að hver tónn fái sinn texta. Þannig er hægur leikur að láta níu atkvæða vísuorð í frumgerðinni („virginis Mariæ filium / in salutem nobis genitum“) falla að 12 eða 15 atkvæða hendingum íslenska kvæðisins („Maríu meyjar Jesúm Christum soninn sanna / fæddan hér í álfum ystum aðstoð manna“).

Geymd lagsins í íslenskum handritum veitir nokkra innsýn í það hvernig lög gengu manna á milli. Breytingarnar eru minnstar í elstu handritum: í Cornell MS 4 er lagið í F-dúr, en fimmund hærra í *Melódíu*, í C-dúr.⁷⁰

⁷⁰ Með tónflutningnum í C-dúr viðheldur skrifari *Melódíu* réttum hálf- og heiltónsbilum miðað við upprunalegu útgáfuna. Hefði hann nóterað lagið með F sem grunntón hefði þurft að nota lækkunarkerki (B í stað H), ellegar hefði lagið flust í lýdíska tóntegund. Svo er að sjá sem skrifarinn hafi viljað forðast hvort tveggja.

C

D

C1: timpana bum (22–27)

D1: angelorum timpana bum (28–31)

C2: timpana bum (32–35, *stytt*)

D2: angelorum timpana bum (36–39)

D3: angelorum timpana bum (40–43,
nýr endir)

Skrautið heldur sér í upphafshendingunni og það er ekki fyrr en í síðari hluta lagsins, þegar sömu lagbútararnir eru endurteknir hvað eftir annað, að útgáfan í *Melódiu* er nokkuð styttri. Að öðru leyti fer *Melódía* býsna nærri upprunalegri gerð, og er það enn ein vísbendingin um að skrifari handritsins hafi verið vel að sér í tónlist og haft góðar bækur sér við hönd.

Í yngri handritunum eru áhrif munnlegrar geymdar greinileg. Umbreyting lagsins er mikil og eflaust hafa einhver millistig gufað upp; heimildirnar eru líkastar keðju þar sem aðeins einstaka hlekkur er sýnilegur. Týndu laggerðirnar hafa eflaust sumar hverjar verið festar á blað en handritin síðan glatast, aðrar hafa ekki verið til nema á vörum fólks sem kunnir og söng lagið með sínu nefi.


Auk *Melódiu* er lagið heilt í fjórum handritum frá fyrri hluta 18. aldar. Þrjú þeirra (Lbs 1422 8vo, Lbs 1485 8vo og Lbs 1536 8vo) eru náskyld og geyma sömu gerð lagsins, en í Lbs 1927 4to (*Hymnodia sacra*, handriti sr. Guðmundar Högnasonar í Vestmannaeyjum frá 1742) er það með öðru sniði. Í öllum handritunum er lagið verulega einfaldað. Af flúruðum hendingum á „bæra/–bæra“ – „náttin/háttinn“ í *Melódiu* – stendur ekki eftir nema einn tónn á hvert atkvæði, eða tveir í *Hymnodia sacra*, en í öllum útgáfum lagsins er stefnan tekin upp á við, ýmist um ferund eða fimmund. Seinni hluti lagsins fer verulega úr skorðum. Íslensku laggerðirnar eru styttri þar en tenórinn í *Gaudete psallentes*; jafnvel í *Melódiu* vantar bæði C2 og D2 þótt frumgerðinni sé fylgt tón fyrir tón að öðru leyti. Styttingar eru annars mismiklar eftir handritum og vantar í lagið á

a) Vigð nátt - in, nátt - in, vel - kom - in á all - an hátt - inn,
 b) Frá - bær - a, bær - a, sjá lofs - hörp - unn - ar hljóð skær - a,
 c) Vigð nátt - in, nátt - in, vel - kom - in á all - an hátt - inn,


hátt - inn, hátt - inn, hjálp - ræð - is sýn - and - i mátt - inn.
 skær - a, skær - a, lof - and - i hann æ því hærr - a.
 hátt - inn, hjálp - ræð - is fær - and - i mátt - inn.

Jörð og himn - ar, menn og engl - ar sam - an ræð - a,
 Mar - í - u meyj - ar Jes - úm Christ - um son - inn sann - a,
 Jörð og himn - ar, menn og engl - ar sam - an ræð - a,


Nótnadæmi 6. Samanburður á Frábæra, -bæra/Vigd náttin úr eftirfarandi handritum: (a) Rask 98; (b) Lbs 1927 4to (*Hymnodia sacra*); (c) Lbs 1422 8vo og Lbs 1536 8vo.




Guð vor all - ra barn í stall - i lét sig fæð - a. Hinn mest - i, mest - i,




fæð - an hér í álf - um yst - um að - stoð mann - a. Því hljóm - a




Guð vor all - ra barn í stall - i lét sig fæð - a. Hinn mest - i,




minnst - an allr - a gjörð - i sig, minnst - an allr - a gjörð - i sig, leyst - i mig, leyst - i mig.




allr - a engl - a hljóð - fær - i, allr - a engl - a hljóð - fær - i, hljóm - and - i, hljóm - and - i.




minnst - an allr - a gjörð - i sig.



Minnst - an allr - a gjörð - i sig, leyst - i mig, minnst - an allr - a gjörð - i sig, leyst - i mig.



allr - a engl - a hljóð - fær - i, hljóm - and - i.



Minnst - an allr - a gjörð - i sig, leyst - i mig, leyst - i mig, minnst - an allr - a gjörð - i sig, leyst - i mig.

ólíkum stöðum. Minna fer fyrir pákusláttis-þríhljómunum (C) eftir því sem fjær dregur frumgerðinni; í Lbs-handritunum eru þeir ekki lengur brotnir heldur þrír tónar í skrefagangi niður á við. Þá hefur tóntegundin breyst: í Lbs 1422 8vo, Lbs 1485 8vo og Lbs 1536 8vo er lagið í D-dórískri og hefur því annan og dekkri blæ en þýski jólasöngurinn.⁷¹

Þótt *Hymnodia sacra* sé yngra handrit en Lbs 1422 8vo og Lbs 1485 8vo er laggerð þess að sumu leyti nær *Melódiu*. Kannski er það til marks um að tæpri öld eftir að eldra handritið var ritað hafi menntamenn á borð við Guðmund Högnason enn kunnað „lærðari“ útgáfu af laginu. Guðmundur einn sparaði sér auk þess ómakið og notaði endurtekningamerki í fyrri hluta lagsins, og skrifaði aðeins út þrjár hendingar í stað sex. Lagið er nær allt heiltóni hærra en frumgerðin og endar á G; þótt tóntegundin sé nokkuð á reiki í fyrri hluta lagsins – upphafslínan A–H–C–D gefur fremur til kynna dóríska tóntegund – má segja að það endi í mixólýdískri á G.⁷² Líkt og í yngri gerðum eru endurteknar hendingar seinni hlutans mun færri en í frumgerðinni; aðeins þrír stuttir „hljóðfæri/hljómandi“ frasar birtast áður en laginu lýkur.

Geymd lagsins mótaðist þannig af þeim sjálfsögðu sannindum að söngvarar áttu hægara með að muna hendingar sem voru endurteknar með reglulegum hætti en óreglulegum. Eftir standa fjórar gerðir lagsins, sem hver um sig stendur ólíkt á milli skriflegar og munnlegrar geymdar. Cornell MS 4 stendur greinilega næst frumhandritinu, gerð *Melódiu* litlu fjær, *Hymnodia sacra* enn fjær með breyttri tóntegund og miklum styttingum í síðari hluta lagsins, og loks Lbs-handritin þrjú fjærst með mestum breytingum.

71 Þessi tóntegundabreyting er í samræmi við niðurstöður rannsókna á geymd sálmalaga í íslenskum heimildum, sbr. Róbert Abraham Ottósson, „Tvesang,“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 19 (Kaupmannahöfn: Rosenkilde og Bagger, 1975), 83–86; Ingibjörg Eyþórsdóttir, „Með sínum tón: Tóntegundabreytingar í íslenskum sálmalögum“ (B.A. ritgerð, Listaháskóla Íslands, 2005). Svo virðist sem algengt hafi verið að lög sem upprunalega voru í dúr flyttust í dóríska eða frýgíska tóntegund, og sömuleiðis að lög færu úr moll yfir í lýdíska tóntegund.

72 Sjöundi tónn tónstígans er ekki notaður í laggerðinni í *Hymnodia sacra* og því ekki hægt að skera úr um hvort *Frábæra*, –*bæra* er þar í dúr eða mixólýdískri tóntegund. Þá vekur athygli að upphafshendingarnar í *Hymnodia sacra* skuli ekki byrja á lokatóni lagsins (þær væru þá G–A–H og viðhéldu dúr-blæ lagsins í samræmi við Cornell MS 4 og *Melódiu*), heldur skrefi hærra svo að útkoman verður skrefagangur í moll/dórískri. Að þessu leyti brúar *Hymnodia sacra* bilið á milli dúr-gerðarinnar í eldri handritunum og dórísku gerðarinnar í þeim yngri. Sama gildir um tveggja tóna flúrið í upphafshendingunni, sem er eins konar millivegur milli hinna eldri og yngri laggerða.

Ekki skal fullyrt hvort lagið barst fjórradda til landsins eða tenórinn eingöngu. Hitt er auðséð að lagið barst til landsins á nótum; nákvæm og vandlega útfærð nótnaskriftin í Cornell MS 4 útilokar að þar reiði skrifarinn sig á munnlega geymd einvörðungu. Hann hlýtur að hafa haft fyrir framan sig nótur að erlendri fyrirmynd, hugsanlega í meginlandsafriti.⁷³ En af hverju leggur hann frá sér fjaðurstafinn að skrifuðum fyrsta nótnastrengnum? Honum tekst betur en öðrum samtímamönnum sínum að líkja eftir fagmannlegri erlendri nótnaritun og varla skortir hann kunnáttu. Vitaskuld kemur margt til greina. Hann gæti hafa gleymt sér við aðrar skriftir, týnt forritinu eða gert sér grein fyrir því að það var óheilt, eða hreinlega misst áhugann. En jafnvel þótt skrifarinn hefði haft fyrir framan sig áreiðanlega uppskrift frumgerðarinnar hefði hann einnig getað heyrt lagið sungið af Íslendingum við íslenska textann. Í því samhengi hlýtur sú spurning að vakna hvort þá þegar hafi einhverjar þær breytingar, sem greina má í yngri handritum, verið teknar að slæðast inn í lagið. Hafi svo verið má gera sér í hugarlund að skrifaranum hafi fallist hendur þegar honum varð ljóst að til voru tvær ósamræmanlegar útgáfur á laginu, annars vegar sú þýska sem hann hafði fyrir framan sig á nótum og hins vegar sú íslenska sem tók að hljóma í hugskoti hans þegar hann festi fyrstu hendinguna á blað.



Erlendu lögin í *Melódíu* gefa einstaka innsýn í þann fjölbreytta tónlistarheim sem Íslendingar – að minnsta kosti hinir skólalagengnu – lifðu og hrærðust í allt fram á síðari hluta 17. aldar. Um leið eru þau áminning um það hversu brothætt vitneskja okkar um fortíðina getur verið þegar forgengileg handrit eiga í hlut. Í fjórum tilvikum hið minnsta er aðeins ein heimild til marks um músíktengingu Íslands við umheiminn: *Laudemus virginem* og *Gaudete psallentes* standa hvort um sig í einu erlendu handriti, *Vera mátt góður* og *Úr djúpum mjög* aðeins í *Melódíu*. Hér mátti ekki miklu muna að lögin glötuðust með öllu og þar með öll vitneskja um ferðalag þeirra norður á bóginn.

73 Óljóst er hvaðan yfirskriftin „En Lyre“ kemur. *Gaudete psallentes* ber enga yfirskrift í A.R. 940/941, en hugsanlega var yfirskrift í því eintaki sem barst til Íslands og varð fyrirmyndin að sálmi sr. Jóns. „En Lyre“ virðist danska og gæti bent til þess að mótettan hafi borist til landsins í gegnum Kaupmannahöfn. Þó getur yfirskriftin í Cornell MS 4 allt eins verið hugarsmíð skrifarans.

Varhugavert getur reynst að fullyrða um útbreiðslu laga út frá fjölda varðveittra handrita. Fjöldi söngbóka hefur glatast í tímans rás og óvissuþátturinn því allstór. Þó er vert að benda á að aðeins eitt þeirra fimm laga sem hér hefur verið fjallað um náði teljandi útbreiðslu í íslenskum handritum, jólamótettan við sálm sr. Jóns Þorsteinssonar. *Patientia er sögð urt* og *Súsanna, sannan Guðs dóm* eru hvort tveggja varðveitt í tveimur uppskriftum (*Melódíu* og JS 138 8vo), *Úr djúpum mjög* og *Vera mátt góður* einungis í *Melódíu*. Þá virðist hafa verið lítið um að vísað væri í lögin sem lagboða við önnur kvæði. Þetta gæti bent til annars tveggja: að sóknin hafi mistekist, eða að lögin hafi flest verið einhvers konar elítusöngur, bundinn við latínuskólana og biskupssetrin og ekki náð verulegri fótfestu utan þeirra. Þó ber að hafa í huga að þegar *Melódía* er rituð eru lögin orðin meira en aldar gömul og harla fá nótnahandrit hafa varðveist frá fyrri hluta 17. aldar. Hugsanlega hafa lögin því lifað hér góðu lífi allan þann tíma, hvort sem það var við stólsskólana eingöngu eða einnig utan þeirra. Að minnsta kosti er ljóst að Ísland leið ekki fyrir landfræðilega legu sína þegar kom að fjölbreytileika tónlistarinnar sem hingað barst, nú þegar franskt biblíukvæði, ítölsk götumúsík, tvö þýsk sönglög og jólamótetta hafa bæst á söngskrá Íslendinga á 16. og 17. öld.

HEIMILDASKRÁ

HANDRIT

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum

AM 433 fol.

AM 102 8vo

AM 713 4to

Den arnamagnæanske samling, Nordisk forskningsinstitut, Københavns Universitet

Rask 98 (*Melódía*)

Handritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns

Lbs 175 4to

Lbs 1158 8vo

JS 138 8vo

Lbs 271 4to

Lbs 1246 8vo

JS 155 8vo

Lbs 847 4to

Lbs 1422 8vo

JS 207 8vo

Lbs 1927 4to (*Hymnodia sacra*)

Lbs 1485 8vo

JS 385 8vo

Lbs 200 8vo

Lbs 1536 8vo

ÍB 243 8vo

Lbs 361 8vo

Lbs 2057 8vo

ÍB 361 8vo

Lbs 508 8vo

JS 643 4to

ÍB 380 8vo

Lbs 723 8vo

JS 53 8vo

ÍB 815 8vo

Lbs 735 8vo

JS 135 8vo

ÍBR 7 8vo

ÍBR 104 8vo

Þjóðminjasafn Íslands / Nordiska museet, Stockholm

Þjms 2008-5-186 / Nms 38868

Advocates' Library, National Library of Scotland, Edinburgh

Adv. 21.7.17

British Library, London

BL Add 4891

BL Add 11.181

Bodleian Library, Oxford

MS Boreal 109

MS Boreal 115

MS Boreal 113

Fiske Icelandic Collection, Cornell University Library, Ithaca

Cornell Icelandic MS 4 / IcH23P871

Proske-Bibliothek, Regensburg

A.R. 940/41

PRENTAÐAR HEIMILDIR

- Apokryfar bækur gamla testamentisins*. Þýð. Árni Bergur Sigurbjörnsson et al. Reykjavík: Hið íslenska Bibliúfélag, 1994.
- Árni Heimir Ingólfsson. „Íslenskt tvísöngslag og Mariúsöngur frá Montserrat.“ *Gripla* 15 (2004): 195–208.
- Balsano, Maria Antonella. „(Pier) Francesco Corteccia.“ *Die Musik in Geschichte und Gegenwart. Allgemeine Encyclopädie der Musik*, Personenteil 4, ritstj. Ludwig Finscher. 2. útg. (Kassel: Bärenreiter-Verlag, 1994–2007), 1671–1676.
- Bjarni Þorsteinsson. *Íslensk þjóðlög*. Kaupmannahöfn: S.L. Møller, 1906–1910.
- Bogi Benediktsson. *Sýslumannaæfir* 4. útg. Hannes Þorsteinsson. Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag, 1905–1908.
- Brennecke, Wilfried. *Die Handschrift A.R. 940/41 der Proske-Bibliothek zu Regensburg. Ein Beitrag zur Musikgeschichte im zweiten Drittel des 16. Jahrhunderts*. Kassel: Bärenreiter-Verlag, 1953.
- Cardamone, Donna G. „The Debut of the *Canzone villanesca alla napoletana*.“ *Studi Musicali* 4 (1975): 65–130.
- Caspari, Rolf. *Liedtradition im Stilwandel um 1600. Das Nachleben des deutschen Tenorliedes in den gedruckten Liedersammlungen von Le Maistre (1566) bis Schein (1626)*. Schriften zur Musik 13. München: Musikverlag Emil Katzbichler, 1971.
- Cuyler, Louise Elvira. *The Emperor Maximilian I and Music*. London: Oxford University Press, 1973.
- Dobbins, Frank. *Music in Renaissance Lyons*. Oxford Monographs on Music. Oxford: Clarendon Press, 1992.
- Eggen, Erik. *The Sequences of the Archbishopric of Nidarós*. Bibliotheca Arnarnagana 21–22. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1968.
- Ein außzug guter alter und newer Teutscher liedlein einer rechten Teutschen art*. Útg. Georg Forster. Nürnberg: Johannes Petreus, 1539.
- Finscher, Ludwig. „Lied and Madrigal, 1580–1600.“ *Music in the German Renaissance. Sources, Styles, and Contexts*. Ritstj. John Kmetz. Cambridge: Cambridge University Press, 1994, 182–194.
- Guðlaugur R. Guðmundsson. *Skólalíf. Starf og siðir í latinuskólunum á Íslandi, 1552–1846*. Reykjavík: Iðnú, 2000.
- Halldór Hermannsson. *Illuminated Manuscripts of the Jónsbók*. Islandica 28. Íþaka: Cornell University Press, 1940.
- Hammerich, Angul. *Dansk musikhistorie indtil ca. 1700*. Kaupmannahöfn: Gad, 1921.
- Het oude nederlandsche lied. Wereldlijke en geestelijke liederen uit vroegeren tijd* 1–3. *Teksten en melodisën*. Útg. Florimond van Duyse. 's-Gravenhage: M. Nijhoff, 1903–1908.

- Hegelund, Peder Jenssøn. *Susanna. Comico-tragoedia, en merckelig Leeg udtagen aff Bibelen udaff Daniels Histori, om den ærlig Quindes Susannæ Kyskhed oc underlig Befrielse, allehaande Stater oc besynderlig ærlige Quindfolck, lystig oc nyttig at læse, udgjort i Danske Rhim*. Kaupmannahöfn: Matz Wingaard, 1578.
- Hinn íslenzki þursaflokkur [Ásgeir Óskarsson, Egill Ólafsson, Rúnar Vilbergsson, Tómas Tómasson, Þórður Árnason]. *Hinn íslenzki Þursaflokkur*. Reykjavík: Fálkinn, 1978. [Hljómplata.]
- Hofhaimer, Paul. *Ausgabe sämtlicher Werke* 1. Útg. Andrea Lindmayr-Brandl. Denkmäler der Musik in Salzburg 15. Salzburg: Selke Verlag, 2004.
- Honegger, Marc. „Les chansons spirituelles de Didier Lupi et les débuts de la musique protestante en France au XVIe siècle.“ 1–2. Doktorsritgerð, Faculté des Lettres et Sciences Humaines de Paris, 1970, útg. 1971.
- Honegger, Marc og Frank Dobbins. „Didier Lupi Second.“ *The New Grove Dictionary of Music and Musicians* 15. Ritstj. Stanley Sadie. 2. útg. London: Macmillan, 2001, 319.
- Ingibjörg Eyþórsdóttir. „Með sínum tón: Tóntegundabreytingar í íslenskum sálmalögum.“ B.A. ritgerð við Listaháskóla Íslands, 2005.
- Jón Halldórsson. *Skólameistarasögur*. Útg. Hannes Þorsteinsson. Sögur 15. Reykjavík: Sögufélag, 1916–1925.
- Jón Helgason. *Íslenzk fornkvæði* 4. Editiones Arnarnagænae B:13. Kaupmannahöfn: Munksgaard, 1963.
- Jón Þorkelsson. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Høst, 1888.
- Keyl, Stephen. „Tenorlied, Discantlied, Polyphonic Lied: Voices and Instruments in German Secular Polyphony of the Renaissance.“ *Early Music* 20 (1992): 434–445.
- Koch, Friederike Christiane. *Untersuchungen über den Aufenthalt von Isländern in Hamburg für den Zeitraum 1520–1662*. Beiträge zur Geschichte Hamburgs 49. Hamburg: Verlag Verein für Hamburgische Geschichte, 1995.
- Leaver, Robin. *Luther's Liturgical Music. Principles and Implications*. Lutheran Quarterly Books. Grand Rapids: William B. Eerdmans Publishing, 2007.
- Levy, Kenneth Jay. „‘Susanne un jour’: The History of a 16th Century Chanson.“ *Annales musicologiques* 1 (1953): 375–408.
- Lund, Engel. *Íslenzk þjóðlög*. Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1960.
- Margrét Eggertsdóttir. „Sautjándu aldar sólarýn.“ *Glíman* 5 (2008): 217–236.
- Moser, Hans Joachim. *Paul Hofhaimer. Ein Lied- und Orgelmeister des deutschen Humanismus*. Hildesheim: Georg Olms Verlagsbuchhandlung, 1966.
- Njáll Sigurðsson. „Söngkennsla í latinuskólum.“ Loftur Guttormsson. *Kristni á Íslandi* 3. *Frá siðaskiptum til upplýsingar*. Reykjavík: Alþingi, 2000, 159–162.
- Oettinger, Rebecca Wagner. „Georg Forster.“ *Die Musik in Geschichte und Gegenwart. Allgemeine Encyclopädie der Musik* Personenteil 6. Ritstj. Ludwig Finscher. 2. útg. Kassel: Bärenreiter-Verlag, 1994–2007, 1501–1505.

- Ongaro, Giulio M. „Italy, i: 1520–1560.“ *European Music 1520–1640*. Ritstj. James Haar. Woodbridge: The Boydell Press, 2006, 58–74.
- Páll Eggert Ólason. *Uppþök sálma og sálmalaga í lútherskum sið á Íslandi*. Reykjavík: Háskóli Íslands, 1924.
- Páll Eggert Ólason. *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940* 1–5. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1948–1952.
- Picker, Martin et al. „Habsburg.“ *The New Grove Dictionary of Music and Musicians* 10. Ritstj. Stanley Sadie. 2. útg. London: Macmillan, 2001, 637–644.
- Róbert Abraham Ottósson. „Ein fægur Saung Vijsa...“ *Afmælisrit Jóns Helgasonar, 30. júní 1969*. Ritstj. Jakob Benediktsson et al. Reykjavík: Heimskringla, 1969, 251–259.
- Róbert Abraham Ottósson. „Tvesang.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder fra vikingetid til reformationstid* 19. Kaupmannahöfn: Rosenkilde og Bagger, 1975, 83–86.
- Schuler, Manfred. „Paul Hofhaimer.“ *The New Grove Dictionary of Music and Musicians* 11. Ritstj. Stanley Sadie. 2. útg. London: Macmillan, 2001, 601–602.
- Seidel, Wilhelm. *Die Lieder Ludwig Senfls*. Neue Heidelberger Studien zur Musikwissenschaft 2. Bern: Francke Verlag, 1969.
- Senfl, Ludwig. *Deutsche Lieder, Zweiter Teil*. Útg. Arnold Geering. Das Erbe deutscher Musik 15. Wolfenbüttel/Berlin: Georg Kallmeyer Verlag, 1940.
- Sigríður Þ. Valgeirsdóttir. *Íslenskir söngdansar í þúsund ár*. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2010.
- Stahelin, Martin. „The German Tenor Lied: Drafting the History of a Genre.“ *Music in the German Renaissance. Sources, Styles, and Contexts*. Ritstj. John Kmetz. Cambridge: Cambridge University Press, 1994, 174–181.
- Stefán Ólafsson. *Kvæði* 2. Útg. Jón Þorkelsson. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafélag, 1886.
- Visnabók Guðbrands*. Útg. Jón Torfason og Kristján Eiríksson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2000.
- Wendel, Alfred. *Eine studentische Musiksammlung der Reformationszeit. Die Handschrift Misc. 236 a-d der Schermer-Bibliothek in Ulm*. Sammlung musikwissenschaftlicher Abhandlungen 85. Baden-Baden: Verlag Valentin Koerner, 1993.
- Willaert, Adrian et al. *Canzone villanesche alla napoletana and villotte*. Útg. Donna G. Cardamone. Recent Researches in the Music of the Renaissance 30. Madison: A-R Editions, 1978.
- Þórunn Sigurðardóttir. *Manuscript Material, Correspondence, and Graphic Material in the Fiske Icelandic Collection. A Descriptive Catalogue*. Islandica 48. Íþaka: Cornell University Press, 1994.
- Ættartölusafnrít séra Þórðar Jónssonar í Hitardal* 1. Útg. Guðrún Ása Grímsdóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Rit 70. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2008.

SUMMARY

Five “Foreign Tones” in Rask 98

Keywords: Musicology, transmission, polyphony, *chanson spirituelle*, *Tenorlied*, *canzone villanesche*, Didier Lupi, Ludwig Senfl, Paul Hofhaimer, Francesco Corteccia, Jón Þorsteinsson, Rask 98, *Melódía*.

The manuscript Rask 98, also known as *Melódía*, was written c. 1660–1670 by an unknown scribe and contains 223 songs, each with musical notation. The manuscript’s heading states that it contains “foreign tones to Icelandic poetry.” Since none of the songs in Rask 98 carries an attribution, tracing their origins has proved to be an arduous task.

This article identifies models for five “foreign tones” in Rask 98, thus greatly extending our knowledge of musical repertoire and transmission in 17th-century Iceland. They are a French *chanson spirituelle* (Didier Lupi’s *Susanne un jour*), two German *Tenorlieder* (Paul Hofhaimer’s *Meins Traurens ist* and Ludwig Senfl’s *Pacientia muß ich han*), an Italian *canzona villanesca alla napoletana* (Francesco Corteccia’s *Madonn’io t’haggi amat’et amo assai*), and an anonymous Christmas motet found in a German manuscript written in Wittenberg around 1560 (*Gaudete psallentes*). In Rask 98, the original texts have been replaced by Icelandic poetry. Three of these texts are paraphrases (*Susanne un jour/Súsanna, sannan Guðs dóm*; *Pacientia muß ich han/Pacientia er sögð urt*; *Gaudete psallentes/Frábæra, -bæra*), while the secular texts for Corteccia and Hofhaimer have been replaced with newly written sacred contrafacta (*Vera mátt góður*; *Úr djúpum mjög*).

While nothing is known of the potential audience for these songs in Iceland, they may be associated with the “discant singing” — i.e. four-part singing based on continental models — introduced by Erasmus Villatsson, a schoolmaster at Skálholt from 1561–1564. The songs discussed here share certain similarities of musical style, possibly reflecting the performance practice of local musical ensembles. All are in four parts, largely homophonic in texture, and they do not make excessive demands on the performers. In each case, the Icelandic sources feature only tenor parts except Corteccia, for which Rask 98 provides the bass.

Of the five songs discussed here, only *Gaudete psallentes* seems to have enjoyed wide circulation; it can also be found in Icelandic sources for a newly composed text, *Vígð náttin*. Its tenor part is notated in six manuscripts while at least 23 others present the Icelandic text without music. The youngest notated manuscripts show a radical simplification of the musical material, with reduction of ornamental flourishes, shortening and/or omission of repeated passages, and a change of mode from F major to D Dorian. *Meins Traurens ist* and *Madonn’io t’haggi amat’et amo assai* are only extant in Rask 98, while for *Susanne un jour* and *Pacientia muß*

ich han there is one concordance among the Icelandic manuscripts (JS 138 8vo, an 18th-century hymnbook). It may be that the transmission of these songs was largely confined to the Latin schools, although this is difficult to assess given what appears to have been a substantial loss of contemporary sources.

Árni Heimir Ingólfsson
Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Árnagarði við Suðurgötu
IS-101 Reykjavík
arniheimir@lhi.is